

# LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 26. júní 2020.

Mál nr. 666/2018:

## Ákærvaldið

(Guðrún Sveinsdóttir, settur saksóknari)

gegn

X

(Oddgeir Einarsson lögmaður)

(Guðrún Björg Birgisdóttir réttargæslumaður)

## Lykilorð

Kynferðisbrot. Tilraun. Skilorð. Miskabætur.

## Útdráttur

X var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr., sbr. 20 gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa reynt að hafa önnur kynferðismök en samræði við A. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að brot X var ekki fullframið og hafði hann ekki áður gerst sekur um refsivert brot. Þá var litið til 1. og 2. töluliðar 1. mgr. 70. gr. og refsing hans ákveðin fangelsi í 15 mánuði. Í ljósi þeirra tafa sem höfðu orðið á málinu þótti rétt að fresta fullnustu 12 mánaða af refsingunni skilorðsbundið í tvö ár. Þá var X gert að greiða A 800.000 krónur í miskabætur.

## Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Jóhannes Sigurðsson og Oddný Mjöll Arnardóttir og Eggert Óskarsson, fyrrverandi héraðsdómari.

## Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 10. ágúst 2018 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjaness 25. júlí 2018 í málinu nr. S-[...]/2017.
- 2 Ákærvaldið krefst þess að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og að refsing hans verði þyngd.
- 3 Ákærði krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins en til vara að honum verði gerð eins væg refsing og lög leyfa. Þá krefst hann frávísunar á einkaréttarkröfu, til vara sýknu af henni en að því frágengnu að krafan verði lækkuð.
- 4 Brotapoli, A, krefst þess að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 1.000.000 króna með vöxtum eins og dæmdir voru í héraði.

## Málsatvik og sönnunarfærsla

- 5 Málsatvikum og framburði ákærða og vitna er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Það athugast þó að brotþoli kvað aðra yngri dætra sinna ekki hafa grátið í annað sinn er ákærði kom inn til hennar. Þess í stað greindi hún svo frá: „[S]vo er hann ... næstum því búinn að ... hífa mig á fætur, þá kemur svona grátöskur en ég er samt alltaf að reyna að passa af því að ég veit alveg að krakkarnir eru uppi á lofti.“ Jafnframt athugast að ákærði kvað eiginmann brotþola ekki hafa greitt fyrir [...] þegar hann hefði komið á [...] ákærða og spurt hvort eitthvað hefði gerst á milli hans og brotþola.
- 6 Í hinum áfrýjaða dómi er ekki gerð grein fyrir skýrslu sem vitnið D, dóttir brotþola, gaf fyrir dómi 2. september 2015 á grundvelli 1. mgr. 59. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála en sú skýrslutaka fór fram í Barnahúsi. Þar kvaðst D hafa verið með pilti sem væri barnabarn ákærða í bústað. Hefðu þau verið að horfa á kvikmynd en síðan hefði hún farið niður og boðið móður sinni góða nótt. Kvaðst hún eftir það hafa verið að spjalla við piltinn þegar hún hefði skyndilega fengið óþægilega tilfinningu og orðið „eitthvað hrædd“ en ekki vitað af hverju. Þá hefði hún heyrt „eitthvað ógeðslega skrýtið hljóð svona eins og svona kynlífshljóð og ég og hann sagði bara æ já þetta eru bara amma og afi“. Kvaðst D þá hafa farið niður stigann til að „gá inn til mömmu“ og þá „allt í einu bara heyrði ég eins og einhver væri að gráta og ég labbaði inn í herbergið og ég sá bara mömmu þarna hágrátandi“. D kvað hafa verið myrkur í herberginu og að hún hefði „eiginlega ekkert“ séð en hún hefði þó séð móður sína liggja þarna og halda um höfuð sitt. Kvaðst hún einungis hafa séð andlit móður sinnar og rétt niður að bringu hennar auk þess sem hún hefði séð hana gráta. Innt eftir því hvernig móðir hennar hefði verið klædd kvaðst D aftur á móti ekki hafa séð það en greindi svo frá að henni hefði síðar verið sagt að ákærði hefði klætt móður hennar úr fötunum. Þá kvaðst D einnig fyrst hafa opnað dyrnar „rétt svona“ en síðan hafa reynt að opna þær betur til að komast inn. Hefði hún þá ekki getað það en vitað „að ofninn var ekki svona stór þannig að ég kíkti á bak við þá var hann þarna á bak við“. Þegar þær hefðu verið komnar heim hefði hún spurt móður sína út í atvik umrætt sinn og hefði móðir hennar þá greint svo frá að hún hefði fengið martröð og ákærði reynt að hugga hana. D kvaðst síðar hafa heyrt B stjúpa sinn öskra nafn ákærða í símann og segja að hann væri aumingi „og já þá náttúrulega þú veist þá byrjaði ég að fá uppskriftina í hugann, þá fattaði ég svona fyrst að þetta var, mamma fékk ekki martröð þú veist að þetta var það sem að ég hafði haldið fyrst í fyrsta skiptið sko“. Spurð hvað það hefði verið kvaðst hún fyrst hafa haldið að ákærði hefði „reynt að nauðga henni eða eitthvað svoléiðis“. D greindi jafnframt svo frá að daginn eftir framangreinda atburði hefði hún reynt að hafa gaman en henni hefði liðið „alveg hræðilega“. Jafnframt kvaðst hún hafa tekið eftir því að móðir hennar hefði ekki talað mikið þann dag. Annars kvað D allt hafa verið „venjulegt“ nema hún héldi að móðir hennar hefði ekki kvatt ákærða þegar þau fóru heim. Loks kvaðst D hafa sagt föður sínum frá þessu auk frænku sinni og vinkonu. Hún hefði þó mest rætt þetta við móður sína.

- 7 Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti gáfu ákærði, brotþoli og vitnið D viðbótarskýrslu. Við upphaf hverrar skýrslutöku voru spilaðar upptökur í hljóði og mynd af framburði þeirra fyrir héraðsdómi. Þá voru spilaðar upptökur í hljóði og mynd af framburði vitnanna E og M fyrir héraðsdómi.

### Niðurstaða

- 8 Í máli þessu er ákærða gefið að sök að hafa aðfaranótt 3. ágúst 2013 í þrígang farið inn í herbergi til brotþola, þar sem hún svaf ölvuð í rúmi með ungum dætrum sínum, og brotið gegn henni kynferðislega eins og nánar er lýst í ákæru. Þá greinir í ákæru að brotin hafi átt sér stað í sumarhúsi ákærða í landi [...] en með vísan til 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 og forsendna hins áfrýjaða dóms verður lagt til grundvallar að sumarhúsið sé í landi [...] í sama sveitarfélagi.
- 9 Í málinu nýtur ekki gagna um að brotþoli hafi leitað sér aðstoðar á grundvelli þess að hafa orðið fyrir kynferðisbroti, hvorki í kjölfar atburða í ágúst 2013 né síðar. Þá fór ekki fram lögreglurannsókn á vettvangi. Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi er því við sönnunarfærslu í málinu fyrst og fremst við framburð ákærða, brotþola og vitna að styðjast. Þá verður fallist á það með héraðsdómi að við mat á sönnunargildi þess framburðar verði að hafa í huga þann tíma sem liðinn var frá atburðum samkvæmt ákæru til þess er lögregluskýrslur voru teknar og aðalmeðferð málsins fór fram í héraði. Einnig er til þess að líta að vitnið D gaf fyrst skýrslu fyrir dómi í Barnahúsi um tveimur árum eftir umrædda atburði.
- 10 Ákærði hefur staðfastlega neitað sök og sagt allt sem gerst hafi milli sín og brotþola hafa verið með hennar samþykki. Það athugast aftur á móti að við fyrstu skýrslutöku hjá lögreglu kannaðist hann ekki við að D hefði komið að sér og brotþola umrætt sinn og kvað „krakkana“ hafa verið „uppi á lofti“. Þá greindi hann svo frá að brotþoli hefði kallað á hann til að fá hann til að opna glugga en nefndi ekki viðgerðir á ofni. Er framburður D í Barnahúsi var síðar borinn undir hann hjá lögreglu kvaðst hann aftur á móti kannast við að hún hefði komið inn í herbergið til þeirra en kvað rangt að brotþoli hefði þá verið grátandi. Þá kvaðst ákærði ekki muna hvort D hefði sagt eitthvað þegar hún kom inn í herbergið. Í héraði gaf ákærði aftur á móti þá skýringu á veru sinni inni hjá brotþola á þeim tímapunkti að hann hefði verið þar að gera við ofn. Kvaðst hann nánar tiltekið hafa opnað glugga og „lagað“ ofninn inni hjá brotþola þar sem það hefði verið „eitthvað vesen“ með hann. Jafnframt kvað hann þetta hafa gerst áður en kossar og „káferí“ hefðu hafist á milli þeirra. Síðan hefði D komið að þeim og beðið um eitthvað sem brotþoli hefði neitað en þá hefði þetta verið „bara búið“. Jafnframt greindi hann svo frá að hann og brotþoli hefðu fært sig fram á gang áður en hann „bakkaði út úr þessu“. Hefði brotþoli verið allsnakin þegar hann kom inn í herbergið til hennar í upphafi en klætt sig í föt fljótlega eftir að hún fór aftur inn í herbergið að atlotum þeirra loknum. Sjálfur hefði ákærði verið á nærbuxunum einum fata. Ákærði var síðar í skýrslutökunni inntur nánar eftir því hvenær D hefði komið að þeim. Kvað hann það þá hafa gerst þegar hann var „eitthvað að laga ofninn“ inni í

herberginu hjá brotþola og kvað það hafa gerst að loknum atlotum þeirra á milli. Þá kannaðist hann ekki við að hafa sagt öðruvísi frá tímaröð atburða í upphafi skýrslutökunnar. Fyrir Landsrétti var ákærði nánar spurður um þetta atriði og svaraði því þá með eftirfarandi hætti: „[É]g man fyrst að ég reyndi bara að skrúfa fyrir kranann eða svona handfang sem er skrúfað fyrir og eftir smá tíma þá var hann alveg jafn heitur þannig að það virkaði ekki. Ég tók eitthvað af og reyndi að laga eitthvað en það virkaði ekki og á endanum þurfti ég að fara, ég man ekki nákvæmlega hvað það var en ég þurfti að fara ofan í kommóðu eða skúffu sem er með verkfærum til að ná í verkfæri.“ Jafnframt kvað hann þetta hafa gerst eftir að atlotum þeirra brotþola var lokið. Enn spurður að því hvort hann hefði farið beint í að laga ofninn þegar brotþoli hefði kallað á hann inn í herbergi til sín kvaðst hann við það tækifæri hafa reynt að skrúfa fyrir ofninn „eins og venjulega“ en síðar hafa gert tvær tilraunir til að gera við ofninn. Jafnframt kvaðst hann telja að D hefði komið inn í herbergið í síðara skiptið. Ákærði var einnig inntur eftir því í héraði hvort það hefði verið „eitthvað uppnám í gangi“ þegar D kom að honum og brotþola inni í herberginu en kvað hann það ekki hafa verið. Fyrir Landsrétti greindi hann aftur á móti svo frá að brotþoli hefði ekki verið grátandi en að hann hefði rifjað þetta betur upp og að hann minnti að „hún hafi verið svona í smá sjokki“ eða brugðið „svolítið“. Á því gaf hann þá skýringu að brotþoli hefði ekki vitað að „krakkinn“ hefði verið að koma.

- 11 Ákærði hefur samkvæmt framangreindu verið reikull í framburði sínum um komu D að honum inni í herbergi hjá brotþola, um viðgerð á ofni sem hann skýrir veru sína þar með og um ástand brotþola þegar D kom að þeim. Jafnframt athugast að frásögn ákærða fyrir dómi af ítrekuðum viðgerðum á ofni og af því að brotþoli hafi verið búin að klæða sig í fötin fljótlega eftir að hún kom aftur inn í herbergið kemur illa heim og saman við þann framburð hans að brotþola hafi brugðið við að dóttir hennar kom þar að. Verða skýringar ákærða á veru sinni í herberginu og lýsingar hans á aðstæðum umrætt sinn því metnar ótrúverðugar.
- 12 Framburði brotþola fyrir héraðsdómi er sem fyrr greinir lýst í hinum áfrýjaða dómi. Við mat á trúverðugleika framburðarins er til þess að líta að brotþoli hefur verið stöðug í frásögn sinni hjá lögreglu og fyrir dómi af atvikum umrætt sinn, bæði hvað varðar háttsemi ákærða og það að hún hafi sjálf ekki tekið eftir því að D hafi komið að þeim. Þá verður að líta til tengsla ákærða og brotþola við mat á háttsemi hennar eftir þá atburði sem hún kveður hafa átt sér stað umrætt sinn. Í því ljósi og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður framburður brotþola metinn trúverðugur þrátt fyrir að hún hafi ákveðið að dvelja áfram í sumarbústað ákærða með fjölskyldu sinni eftir umrædda atburði. Verður jafnframt hvorki talið að framkoma hennar í sumarbústaðarferðinni né eftirfarandi samskipti við ákærða, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, breyti mati dómsins á trúverðugleika framburðar hennar.
- 13 Vitnið D bar við fyrstu skýrslutöku fyrir dómi, sem fram fór í Barnahúsi, að hún hefði verið að fara að sofa umrætt kvöld ásamt barnabarni ákærða en þá heyrta eitthvert hljóð,

sem hún hefði talið vera kynlífshljóð, og orðið hrædd. Hefði hún af því tilefni farið að athuga með móður sína og komið að henni grátandi auk þess sem ákærði hefði þá verið á bak við hurð inni hjá henni. Framangreindur framburður hennar fær stoð í framburði vitnisins E, barnabarns ákærða, sem bar fyrir héraðsdómi að hafa umrætt sinn heyrt hljóð sem hann hefði verið spurður út í. Kvaðst hann hafa heyrt stundur og talið að um væri að ræða að amma hans og afi væru að hafa mök. Þá fær framburður D stoð í framburði föður hennar, M, sem bar í héraði að hún hefði greint honum frá atvikum á þann hátt að hún hefði ásamt einhverjum dreng verið komin upp í rúm annars staðar í bústaðnum en síðan farið niður og séð einhvern mann standa yfir móður sinni grátandi. Greindi hann svo frá að henni hefði verið „ofboðslega mikið niðri fyrir“ og hún virkað „hrædd um mömmu sína“ þegar hún sagði honum frá þessu. Verður framangreindur framburður D metinn trúverðugur og breytir engu í því sambandi þótt hún hafi við síðari skýrslutöku í héraði lýst því að henni hafi virst „eins og verið væri að hlaupa frá“ höfði móður sinnar áður en hún sá ákærða á bak við hurðina. Jafnframt hefur það ekki áhrif á trúverðugleikamatið þótt D hafi við síðari skýrslutöku í héraði og fyrir Landsrétti lýst umræddu hljóði eins og um dynk hefði verið að ræða enda hefur framburður hennar verið stöðugur um að hún hafi umrætt sinn heyrt hljóð sem hafi vakið með henni óþægilega tilfinningu, komið að móður sinni grátandi og séð ákærða á bak við hurð inni hjá henni.

- 14 Framangreindur framburður D veitir trúverðugum framburði brotaþola stoð. Aftur á móti er til þess að líta að ekki verður talið sannað að D hafi komið að ákærða og brotaþola fyrr en undir lok þeirrar atburðarásar sem lýst er í ákæru í þremur liðum. Þá verður ekki ráðið af framburði hennar fyrir dómi að hún hafi heyrt neitt fyrr en rétt áður en hún fór til brotaþola, þrátt fyrir að hún og vitnið E hafi bæði lýst því fyrir dómi að þau hafi verið vakandi fram að þeim tíma. Brotaþoli lýsti því aftur á móti fyrir dómi að hún hefði bæði gefið frá sér „grátöskur“ og átt í töluverðum átökum við ákærða í tengslum við þau atvik sem lýst er í öðrum ákærulið. Eftir það hafi hann farið út úr herbergi hennar og hún hallað sér upp að dætrum sínum en ekki náð að sofna áður en ákærði kom á ný inn í herbergið og sú atburðarás sem lýst er í þriðja ákærulið upphófst.
- 15 Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákærvaldinu. Þá felst í 1. mgr. 109. gr. sömu laga sú krafa að um hvert atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti þurfi að koma fram nægileg sönnun sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum. Með vísan til þess verður framburður D einungis talinn styðja framburð brotaþola hvað varðar þá þætti atburðarásarinnar sem lýst er í þriðja ákærulið. Hvað fyrsta og annan ákærulið varðar verður aftur á móti ekki talið að framburður brotaþola fái næga stoð í framburði vitna. Er þá einnig litið til þess, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 10. febrúar 2005 í máli nr. 334/2004, að samkvæmt framburði B, eiginmanns brotaþola, í héraði greindi hún honum í upphafi ekki frá öðru en því að ákærði hefði klipið í hana „og eitthvað svona“ auk þess sem hann hefði reynt að draga hana fram í kynferðislegum tilgangi.

Hefði það ekki verið fyrr en við endurteknar umræður um málið sem hún hefði greint honum frá því að ákærði hefði brotið gegn sér með grófari hætti. Verður ákærði samkvæmt framangreindu sýknaður af þeirri háttsemi sem í fyrsta og öðrum ákærulið greinir.

- 16 Hvað þriðja ákærulið varðar bar brotapolí fyrir héraðsdómi að ákærði hefði læðst inn í herbergið til hennar. Hefði hún fundið hann standa nálægt öxl sinni og snúið sér við en hann þá potað höndum sínum og lim í andlit hennar „eins og hann [væri] að reyna að koma ... typpinu á sér upp í mig“. Kvaðst hún hafa náð að ýta honum frá efri hluta líkamans auk þess sem hún hefði reynt að snúa upp á sig og sparka honum í átt að dyrunum. Hann hefði aftur á móti „inn á milli“ reynt að toga hana á fætur. Þegar hann hefði ekki getað það hefði hann „hálfpartinn“ reynt að „leggjast þarna yfir“ hana. Kvaðst brotapolí þá hafa þurft „mjög mikið að reyna á“ sig. Tók hún fram að hún væri „alveg hraust“ en að hún hefði átt í mestu vandræðum með að koma í veg fyrir að ákærði næði að toga hana á fætur eða „leggjast alveg yfir“ hana. Loks greindi hún svo frá að hún hefði verið að bugast þar sem hann hefði verið „næstum því lagstur yfir“ hana en þá hefði hún „garga[ð] eitthvað“ og farið að hágráta því hún „bara gat ekki meir“. Við það hefðu dætur hennar rumskað og hann farið.
- 17 Framangreindur framburður brotþola um þá háttsemi er í þriðja ákærulið greinir verður lagður til grundvallar dómi enda fær hann sem fyrr greinir stoð í framburði vitnisins D auk þess sem skýringar ákærða á veru sinni inni hjá brotþola umrætt sinn hafa verið metnar ótrúverðugar. Þá felst í framburði brotþola ótvíræð lýsing á því að ákærði hafi bæði reynt að setja lim sinn upp í hana og leggjast ofan á hana í kynferðislegum tilgangi og er það í samræmi við framburð hennar hjá lögreglu. Telst því sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í þriðja ákærulið, þó þannig að ekki telst sannað að umrætt sinn hafi verið þriðja skiptið sömu nóttina sem ákærði fór inn í herbergi til brotþola.
- 18 Ákvæði 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 var breytt með lögum nr. 16/2018 sem tóku gildi 13. apríl 2018. Ákæra í máli þessu var gefin út fyrir þann tíma en þar er brot ákærða samkvæmt þriðja ákærulið heimfært aðallega til þágildandi 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. sömu laga, en til vara til 199. gr. sömu laga.
- 19 Í 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga segir að hafi refsilöggjöf breyst frá því að verknaður var framinn til þess er dómur gengur, skuli dæma eftir nýrri lögunum, bæði um refsinemi verknaðar og refsingu. Aldrei megi þó dæma refsingu, nema heimild hafi verið til þess í lögum þegar verk var framið, og ekki þyngri refsingu en orðið hefði eftir þeim lögum. Í ljósi 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem hefur lagagildi hér á landi samkvæmt ákvæðum laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, verður ákvæði 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga túlkað þannig að sé refsilöggjöf breytt eftir að verknaður var framinn verði dæmt um háttsemina eftir hinu nýja ákvæði sé það sakborningi í hag en

annars verði aðeins á því byggt að því leyti sem inntak áður gildandi ákvæða hafi verið hið sama, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 28. janúar 1998 í máli nr. 225/1998 og dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 18. febrúar 2020 í máli Jidic gegn Rúmeníu.

- 20 Með háttsemi sinni beitti ákærði valdi í því skyni að yfirvinna viðnám brotaþola og braut gegn sjálfsákvörðunarrétti og kynfrelsi hennar. Beitti hann þannig ofbeldi í þeirri merkingu sem lögð hefur verið í það hugtak í 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga bæði fyrir og eftir breytingu ákvæðisins með lögum nr. 16/2018. Jafnframt fólst í háttsemi hans tilraun til að hafa önnur kynferðismök við brotaþola í skilningi ákvæðisins. Verður ákærði því sakfelldur fyrir tilraun til nauðgunar og brot hans heimfært til 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, sbr. áður sömu ákvæði.
- 21 Ákærði er fæddur árið [...]. Við ákvörðun refsingar hans verður litið til þess að brot hans var ekki fullframið og að hann hefur ekki áður sætt refsingu. Jafnframt verður litið til þess að brotið beindist gegn mikilvægum hagsmunum brotaþola og var til þess fallið að hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir hana. Þá er brotaþoli svilkona ákærða og hafði gengið til hvílu með ungum dætrum sínum þegar hann braut gegn henni. Með vísan til 1. og 2. töluliðar 1. mgr. 70. gr. og 2. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 15 mánaða fangelsi. Að teknu tilliti til þess að 19 mánuðir liðu frá því að rannsókn málsins lauk þar til ákæra var gefin út þykir rétt að binda hluta refsingarinnar skilorði eins og nánar greinir í dómsorði.
- 22 Með vísan til 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest sú niðurstaða hans að ákærða beri að greiða brotaþola miskabætur. Eru þær hæfilega ákveðnar 800.000 krónur og skulu bera vexti eins og dæmdir voru í héraði.
- 23 Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað verða staðfest.
- 24 Með vísan til 1. mgr. 237. gr. og 1. mgr. 235. gr., sbr. 4. mgr. 237. gr. laga nr. 88/2008 verður ákærða gert að greiða helming alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talinn helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns og þóknunar réttargæslumanns brotaþola, sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti eins og nánar greinir í dómsorði.

### **Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í 15 mánuði. Fresta skal fullnustu 12 mánaða af refsingunni og sá hluti hennar falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði brotaþola, A, 800.000 krónur með vöxtum eins og dæmdir voru í héraði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði helming áfrýjunarkostnaðar, sem alls nemur 2.227.135 krónum en þar af nema málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Landsrétti, Oddgeirs Einarssonar lögmanns, 1.720.500 krónum og þóknun réttargæslumanns brotaþola, Guðrúnar Bjargar Birgisdóttur lögmanns, 458.800 krónum. Að öðru leyti greiðist áfrýjunarkostnaður úr ríkissjóði.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjaness 25. júlí 2018**

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 30. maí, er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefinni 12. október 2017, á hendur X, kt. [...], [...], „fyrir kynferðisbrot gegn A, svilkonu ákærða, aðfaranótt laugardagsins 3. ágúst 2013, í sumarhúsi hans í [...], sem hér greinir:

1. Fyrir kynferðislega áreitni, með því að hafa farið inn í herbergi þar sem A svaf ölvuð í rúmi með tveimur barnungum dætrum sínum, klætt hana úr öllum fötum hennar, en við það vaknaði A, og síðan reynt að toga hana á fætur. Ákærði yfirgaf herbergið eftir mótspyrnu A og vegna þess að önnur dóttir hennar rumskaði.

Telst þetta varða við 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Fyrir nauðgun, með því að hafa síðar sömu nótt farið aftur inn í herbergið til A þar sem hún, ásamt dætrum sínum, svaf ölvuð og var nakin, vegna háttsemi ákærða sem lýst er í 1. lið ákæru, og haft við hana önnur kynferðismök en samræði gegn hennar vilja en ákærði sleikti kynfæri hennar, setti fingur í leggöng hennar og káfaði á líkama hennar, en við háttsemi ákærða vaknaði A, veitti ákærða mótspyrnu og bað hann ítrekað að hætta og fara, en ákærði reyndi að toga hana á fætur og reyndi halda kynferðismökunum áfram en yfirgaf síðan herbergið.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Fyrir tilraun til nauðgunar, en til vara kynferðislega áreitni, með því að hafa í þriðja skiptið sömu nóttina farið inn í herbergið til A og reynt að hafa við hana samræði og önnur kynferðismök gegn hennar vilja, en ákærði snerti andlit A með nöktum getnaðarlim sínum, reyndi að setja liminn upp í hana og reyndi síðan að leggjast ofan á hana til þess að hafa við hana samræði eða önnur kynferðismök, en tókst það ekki vegna mótspyrnu A og yfirgaf loks herbergið.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 199. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu brotaþola, A, kt. [...], er gerð krafa um að ákærði verði dæmdur til að greiða henni bætur að fjárhæð kr. 1.000.000,- með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 3. ágúst 2013 til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er gerð krafa um að brotaþola verði skipaður réttargæslumaður skv. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og að réttargæslumanni verði ákveðin hæfileg þóknun úr ríkissjóði skv. 48. gr. sömu laga. Til vara er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða lögmannskostnað við að koma bótakröfunni á framfæri og vegna hagsmunagæslu við meðferð málsins fyrir dómi skv. tímaskýrslu og málskostnaðarreikningi,



sem lagt verður fram við meðferð málsins, með vísan til 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008. Þá er krafist virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.“

Ákærði neitar sök og krefst sýknu og að bótakröfu verði vísað frá dómi. Til vara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfi og að bótakröfu verði vísað frá dómi eða hún lækkuð verulega. Þá krefst ákærði þess að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða.

#### Málavextir

Samkvæmt lögregluskýrslu kom A, brotþoli, til lögreglu hinn 29. júní 2015, og kærði X, ákærða, fyrir kynferðisbrot sem hann hefði framið gegn sér aðfaranótt laugardagsins 3. ágúst 2013, í sumarhúsi hans í [...].

Eiginmaður brotþola, B, er bróðir eiginkonu ákærða, C.

Óumdeilt er í málinu að ákærði og brotþoli voru bæði í sumarbústaðnum umrædda nótt. Þar voru þá ákærði og kona hans, brotþoli og þrjár dætur hennar, þar á meðal vitnið D, þá [...] ára, og loks barnabarn ákærða og konu hans, vitnið D, þá [...] ára.

Óumdeilt er í málinu að fólkið hafi borðað saman kvöldverð og vín hafi verið haft um hönd. Ákærði og kona hans hafi gist í einu herbergi bústaðarins, brotþoli og tvær yngri dætur hennar, [...] og [...] ára, í gestaherbergi en eldri börnunum tveimur hafi verið ætlaður staður á svefnlofti.

Brotþoli segir ákærða hafa komið þrívægis inn í herbergi sitt um nóttina og haft þar í frammi þá háttsemi sem tilgreind er í ákæru. Ákærði segist hafa farið fram um nóttina og í framhaldi af því farið inn í herbergi brotþola að hennar ósk. Þar og frammi hafi verið milli þeirra kossar og strokur með samþykki beggja.

Óumdeilt er í málinu að þáverandi sambylismaður og síðar eiginmaður brotþola hafi komið í bústaðinn á laugardeginum og verið þar fram á sunnudag en þá hafi brotþoli og fjölskylda hennar farið heim.

#### Skýrslur fyrir dómi

Ákærði sagðist hafa verið í sumarbústað sínum umrædda helgi ásamt konu sinni. Þar hefði brotþoli einnig verið ásamt þremur börnum sínum. Loks hefði barnabarn sitt, E, verið með í för. Þetta fólk hefði allt komið í bústaðinn á föstudeginum. Þá um kvöldið hefði verið borðhald og drukkið bjór og rauðvín, hugsanlega eitthvað sterkara. Öll hefðu fundið vel á sér en enginn verið „út úr drukkin“ . Fólk hefði setið „eitthvað frameftir“ en svo hefðu allir farið að sofa, eldri börnin tvö, sem sofið hefðu uppi á lofti, hefðu þó verið vakandi og einhver læti í þeim.

Ákærði sagði þau hjón hafa vaknað við „einhvern skell“, einhvern hávaða, en ekki vita hvað klukkan hefði þá verið. Hann hefði ætlað að fara að sofa aftur en kona sín sagt sér að fara fram og kanna málið. Hann hefði gert það og séð að útidyrnar hefði verið opnar og væri hurðin að skellast. Hann hefði því lokað dyrunum og því næst farið fram í eldhús til að fá sér eitthvað að borða. Skömmu síðar hefði brotþoli kallað til sín, sagt mjög heitt í herbergi sínu og spurt hvort hann gæti gert eitthvað í því. Ákærði hefði farið og opnað hjá henni glugga og lækkað hitann á ofninum „og það var eitthvað vesen með ofninn og [ákærði] lagaði það.“ Síðan hefðu þau farið eitthvað að tala saman og „svo förum við eitthvað að kyssast og eitthvað smá káferi og svona. Og síðan kom þarna D að okkur og þá var það bara búið, hætti það bara.“

Ákærði var spurður hvernig það hefði komið til að þau brotaþoli hefðu farið að kyssast. Hann sagðist ekki vita það en brotaþoli hefði „alltaf leitað á [sig]“. Þau hefðu byrjað að tala saman, svo tekið hvort utan um annað og svo farið að kyssast. Ákærði sagðist ekki muna nákvæmlega um hvað þau hefðu talað, í aðdraganda kossanna. Brotaþoli hefði staðið upp og svo hefðu þau farið fram á gang. Þar hefðu þau haldið áfram að kyssast „eitthvað smá og svo var það bara búið“. Alls hefði þetta tekið í hæsta lagi fimm mínútur. Ákærði sagðist hafa komið við brjóst brotaþola og hún hefði einnig þreifað á honum öllum. Brotaþoli hefði verið að „sýna [sér] nýju brjóstin“.

Ákærði sagði bæði hafa tekið þátt í kossunum en „það var frekar hún sem leitaði þarna á [hann]“. Hann hefði „bakkað út úr þessu“ en þetta hefði verið „ekki tilheyrandi, ekki bjóðandi og svo bara þunnir veggir, ég meina, það hefðu allir heyrt í okkur, hvað við vorum að gera þarna, það var bara alveg útilokað.“

Ákærði var nánar spurður hvenær D hefði komið inn í herbergið. Hann sagði það hafa verið þegar hann hefði verið að laga ofninn. Stúlkan hefði verið að biðja móður sína um eitthvað en ákærði ekki heyrt hvað þeim hefði farið á milli. Brotaþoli hefði neitað bóninni og stúlkan verið „eitthvað að suða í henni“. Þetta hefði verið eftir að ákærði og brotaþoli hefðu verið frammi. D hefði séð ákærða. Fljótlega eftir þetta hefði ákærði farið úr herberginu en D þá verið þar enn að tala við brotaþola. Svo hefði hún farið upp á loft. Einhver hávaði hefði verið í börnunum þar og ákærði hefði kallað til þeirra að hafa hljótt. Eftir það hefði hann farið að sofa.

Ákærði sagðist hafa verið á nærbuxum einum klæða. Brotaþoli hefði verið allsnakin en svo farið í föt.

Ákærði sagði herbergið lítið. Dyr þess opnuðust inn og væri ofninn þá bak við hurðina. Rúmið, sem væri tvíbreitt, væri um einu skrefi frá dyrunum. Gólfpláss í herberginu væri mjög lítið.

Ákærði sagði að morguninn eftir hefði brotaþoli farið að sækja mann sinn, B, en hann hefði komið með áætlunarbifreið. Þegar hann hefði verið kominn hefðu þeir farið hjóla á [...] og hefði það tekið einhverjar klukkustundir. Eftir það hefðu þeir farið í bústaðinn aftur, farið „í pottinn“ og fengið sér bjór. Brotaþoli og fjölskylda hennar hefðu verið í bústaðnum fram á sunnudagskvöld. Ekkert sérstakt frásagnarvert hefði borið við um helgina. Fólk hefði farið „í pottinn“, verið „að leika sér“, og setið úti á palli og bara haft það gott. Á sunnudeginum hefði verið grillað og drukkinn bjór. Samskipti sín við brotaþola hefðu verið „allt í góðu“, en þau brotaþoli hefðu ekkert talað um atburði aðfaranætur laugardagsins. Hann sagðist ekkert hafa talað við D.

Ákærði sagðist telja að á laugardeginum hefðu tengdforeldrar sínir komið í heimsókn og hugsanlega vinafólk brotaþola og B.

Ákærði sagði ekkert í viðmóti brotaþola eða annarra um helgina hafa bent til þess að alvarlegir atburðir hefðu orðið. Góður andi hefði verið í hópnum. Samskiptin hefðu einnig verið talsverð og góð vikurnar og mánuðina á eftir. Haldin hefðu verið sameiginleg matarboð og bæði brotaþoli og B hefðu komið oft til sín á [...]. Brotaþoli „knúsaði [hann] og kyssti þegar hún var að [...] og svona.“ Ákærði hefði ekki fundið neinar breytingar á samskiptunum fyrr en eftir að B hefði komið til sín til að ræða málið.

Ákærði sagðist ekki muna nákvæmlega hvenær hann hefði fyrst heyrt af ásökunum í sinn garð, það gæti hafa verið um tveimur árum síðar. Fyrst hefði B komið til sín á [...], en ákærði hefði verið að [...], og spurt hvort eitthvað hefði borið við milli ákærða og brotaþola. Ákærði hefði svarað á þá leið að það hefði ekki verið neitt, hann hefði eitthvað verið að taka utan um brotaþola. B hefði greitt fyrir [...] og jafnframt sagt að ákærði mætti ekki sækja brúðkaup þeirra brotaþola. Ákærði hefði reynt að ræða við B sem hefði svo farið burt. Ákærði hefði hringt í B sama dag eða daginn eftir og lagt til að

þeir tveir og brotaþoli hittust til að ræða málið en B þá verið orðinn hinn versti og ekkert hefði getað orðið af frekari viðræðum. Eftir þetta hefðu þeir ekki talað saman.

Ákærði hefði sagt konu sinni af samtali sínu og B á [...] og hún hefði tekið þessu mjög illa. Hún hefði hringt í B sem hefði „[ausið] einhverju yfir hana“ og hún verið „í sjokki“ á eftir. Ákærði kvaðst halda að þau hefðu ekki talað saman eftir þetta. Kona sín hefði ekki viljað segja sér hvað B hefði sagt við sig. Sjálfur hefði ákærði sagt konu sinni frá kossnum sínum og brotaþola.

B hefði ekki borið neina sérstaka háttsemi upp á ákærða en sagt að D hefði séð til ákærða og brotaþola, en B hefði ekki lýst því nánar.

Ákærði kvaðst ekki hafa skýringar á því að brotaþoli bæri sig þessum sökum. B hefði alltaf verið afbrýðissamur út í sig „af því hún hefur alltaf látið svolítið asnalega við mig og við höfum verið í íþróttum og svona og ég hef alltaf verið betri en hann og hún hefur verið að bera hann við mig.“ Brotaþoli hefði verið að segja B „að hann þyrfti að koma sér í betra form og svona“

Ákærði sagði að brotaþoli ætti það til að taka upp á sér bolinn og sýna sér brjóst sín, „bara að tilefnislausu“, ef þau væri einhvers staðar tvö. Þá hefðu einhvern tíma áður verið kossar milli þeirra, í samkvæmi heima hjá ákærða. Milli þeirra hefðu verið daður og kossar en aldrei meira en það.

Ákærði sagðist hafa [...] sumarið 2014 og raunar oft áður. Þetta sumar hefði B komið með [...] en brotaþoli náð í hana eftir [...]. Hefði það verið fáum dögum áður en B hefði komið til sín og spurt um málið.

Ákærði sagðist hafa heyrt að í svonefndu „gæsapartí“ brotaþola hefði hún talað um að hann væri alltaf að reyna við sig. Hefði sér verið sagt að brotaþoli hefði orðið drukkin, berað á sér brjóstin og spurt hvort ákærði væri ekki þarna og hvort ekki væri hægt að sækja hann, því hann væri eini karlmaðurinn sem nennti að reyna við hana. Þetta hefði F dóttir mágkonu sinnar sagt, en hún hefði verið í þessu samkvæmi. Sjálfur hefði ákærði ekki heyrt þessa frásögn F heldur hefði G móðir hennar sagt sér þetta. Sagðist ákærði telja að B hefði haft spurnir af þessu atviki og talað við sig í framhaldi af því.

Ákærði var spurður um þau orð sín hjá lögreglu að hann hefði sagt við B á [...] að „þetta væri [sér] að kenna“. Svaraði hann því til að hann hefði ekkert vitað hvað B hefði verið að tala um, „það sem gerðist vorum við bæði að gera, skilurðu, ég var bara að hugsa um hana“. Sér hefði dottið í hug að brotaþoli hefði sagt B frá kossnum þeirra og hann hefði vitað að brúðkaup þeirra stæði fyrir dyrum. Hefði hann því sagt að allt hefði verið sér að kenna.

Ákærði var spurður hvers vegna hann hefði ekki sagt lögreglu að D hefði komið í herbergið. Hann sagði það hafa komið fram hjá sér við lögreglu. Við lok skýrslutöku hefði lögregluþjónn sagt sér að tekin yrði skýrsla af stúlkunni og að ákærði ætti rétt á að hafa verjanda viðstaddan. Ákærði hefði sagt enga þörf á því, hann hefði ekkert að óttast, D hefði „ekki séð neitt og það gerðist ekki neitt“.

Brotaþoli sagðist hafa komið í bústaðinn með dætrum sínum þremur á föstudegi en B hefði þurft að vinna á laugardegnum. Föstudagurinn hefði liðið með hefðbundnum hætti að kvöldi og þá hefðu yngri dæturnar tvær farið að sofa í gestaherberginu, þar sem brotaþoli yrði einnig, en unglíngarnir tveir farið upp á svefnloft að horfa á myndband. Fullorðna fólkið, brotaþoli, ákærði og kona ákærða hefðu setið lengi frammi, borðað og drukkið rauðvín og bjór. Síðan hefði fólk gengið til náða. Brotaþoli hefði ákveðið að bíða ekki eftir að baðherbergið yrði laust heldur farið fullklædd upp í rúm til yngri dætra sinna tveggja, enda „dauðþreytt og drukkin“ og sofnað þar. Hefði hún þá verið í hlýraból og teygjanlegum kjól sem náð hefði niður fyrir hné.

Hún hefði síðan vaknað um nóttina og þá verið komin úr hlýrabolnum og kjólnum og „var komin með allt niður um [sig] og hann var svona að rífa þetta af ökkulunum á [henni], buxurnar og sokkana“. Fyrst hefði hún verið ringluð og ekki skilið hvað væri að gerast og ekki séð móta fyrir manningum en svo náð að sjá að þetta væri ákærði. Brotapoli hefði „algjörlega [frosið]“ og svo farið „í paník“ og sagt aftur og aftur „hættu farðu, hvað ertu að gera? og bara farðu út, farðu út, hættu þessu“. Ákærði hefði reynt að segja eitthvað, „komdu“ eða eitthvað slíkt, beðið brotápola um að gera eitthvað, en brotapoli hefði haldið áfram að reyna að ýta honum frá sér með fótunum. Önnur hvor stúlkan hefði þá rumskað og brotapoli snúið sér að henni en ákærði þá farið úr herberginu. Stúlkan hefði sofnað strax aftur og brotapoli þá reynt án árangurs að finna föt sín. Hefði brotapoli þá breitt yfir sig sængina og steinsofnað aftur. Hún hefði svo áttað sig „á því að hann er aftur kominn inn í herbergi og er þá með hendurnar og andlitið á milli lappanna á mér og [...] er með hendurnar einhvern veginn, önnur höndin er einhvers staðar á bringunni á mér og hin höndin er inni í klofinu á mér og andlitið á honum í klofinu á mér líka“. Nánar spurð sagði brotapoli ákærða hafa verið með munn og tungu á kynfærum sínum. Þá hefði hann sett fingur í kynfærin. Hún hefði reynt „að spyrna honum eitthvað burt bara, og segja honum að hætta“ en hann hefði haldið áfram. Hún hefði náð að klemma saman hnén og ýta honum frá, en hann hefði reynt að tosa brotápola á fætur og ítrekað beðið hana um að koma fram. Hún hefði reynt að halda sænginni yfir sér og spyrna ákærða frá. Ákærði hefði verið kominn nálægt því að ná brotápola á fætur og þá hefði önnur stúlkan grátið. Brotapoli hefði reynt að tryggja að enginn vaknaði, „krakkarnir eru uppi á lofti, stelpurnar náttúrulega uppi í rúmi og konan hans bara þarna í næsta herbergi og eina sem ég er að hugsa er bara að koma honum út án þess að neinn fangi“. Brotapoli hefði verið „í áfalli og hann fer ekki fyrr en ég fer bara að svona grátöskra, svona hærra, svo hann verður örugglega hræddur um að einhver heyri og ég var náttúrulega skíthrædd um að einhver myndi heyra líka af því að af einhverjum ástæðum var ég með mestar áhyggjur af því“. Eftir þetta hefði ákærði farið út úr herberginu en brotapoli verið stjórn eftir. Brotapoli hefði legið lengi eftir án þess að sofna en hefði svo fundið að ákærði væri aftur kominn inn í herbergið og stæði „svona einhvern veginn nálægt öxlinni á mér, ég finn það bara af því að ég heyrdi eitthvað brak og ég finn bara að það er einhver svona líkamshiti alveg upp við mig, upp við öxlina [...] og ég sný mér við, það er svo dimmt samt, ég veit ekki af hverju það var svo dimmt í herberginu, það var sumar, var reyndar einhver myrkvunargardína og ég sé ekki alveg, ég finn bara að hann er að pota höndunum og limnum á sér í andlitið á mér og eins og hann sé að reyna að koma typpinu á sér upp í mig og ég næ einhvern veginn að ýta honum svona niður“ og hefði svo reynt að „snúa upp á [sig] og sparka honum í áttina“ að dyrunum, „því hann var alltaf líka inn á milli að reyna að toga mig einhvern veginn á fætur og svo þegar hann gat það ekki þá var hann alltaf hálfpartinn að reyna að leggjast þarna yfir mig“. Brotapoli sagðist vera hraust en hafa átt fullt í fangi að reyna að ráða við ákærða. Þá hefði verið mjög erfitt að gefa ekki frá sér hljóð. Svo hefði brotapoli verið við það að bugast og ákærði næstum kominn yfir hana „og þá bara garga ég eitthvað, [...] ég bara fer að hágráta, af því að ég bara gat ekki meir [...] og þá náttúrulega rumska stelpurnar aftur og þá fer hann.“ Brotapoli hefði hjúfrað sig að telpunum og grátið sig í svefn. Þegar hún hefði vaknað hefðu telpurnar verið „farnar út að leika“. Brotapoli hefði litið út um glugga og séð þær úti á palli. Brotapoli hefði haldið til í herberginu eins lengi og hún hefði getað. D hefði komið stundum og spurt hvort hún ætlaði ekki að koma fram en brotapoli hefði sagt að hún væri slöpp og ætlaði að sofa lengur. Fólk hefði fengið sér að borða og af og til kallað til hennar og spurt hvort hún ætlaði ekki að koma en hún sagði að hún ætlaði að vera inni lengur. Hún hefði farið fram „einhvern tíma seinnipartinn og reyni þá bara eins og ég get, ég veit ekki hvað ég á að gera, [...] eina sem ég hugsa um [...] er að ég geti ekki sagt neinum frá þessu“. Hún hefði ekki trúað þessu og ekki talið sig geta horft framan í neinn þannig að hún hefði reynt „að þrauka daginn þarna án þess að horfa framan í neinn og er bara eins fáskiptin og ég get [...] og fer eiginlega ekki út úr herberginu fyrr en ég heyri að [ákærði] fór eitthvert“.

Brotapoli sagðist ekki hafa orðið vör við að neinn annar vekti í húsinu. Hún sagðist ekki hafa tekið eftir fótum á ákærða, hvar sem hún hefði snert hann hefði hún fundið bert hold.

Brotapoli sagði að ákærði hefði ekki nauðgað sér heldur reynt að nauðga sér.

Brotapoli sagði að B hefði vitað að eitthvað hefði komið fyrir, því hún hefði spurt hann hvort hann ætlaði ekki að koma og sagt sér líða illa. Til að segja eitthvað hefði hún sagt við B að ákærði hefði komið „fullur inn í herbergið og eitthvað beðið mig um að koma fram“ en brotapolali talið það óviðeigandi. B hefði spurt hvers vegna ákærði hefði viljað fá brotapola fram og hefði brotapolali svarað að það hefði verið til þess að hafa kynmök. Hefði B þá þegar hringt í brotapola sem hefði dregið allt í land. Brotapolali hefði beðið B um að koma sem fyrst og hann hefði gert það.

Þegar B hefði verið kominn í bústaðinn hefði hann spurt brotapola aftur um hvað hefði borið við, og viljað ræða málið við ákærða. Þá hefði B lagt til að þau færu strax heim. Brotapolali hefði hafnað því og gert lítið úr málinu, þetta hefði bara verið „eitthvað smá“. Hún hefði sagt B að hún væri miður sín yfir þessu en beðið hann um að bregðast ekkert við, ákærði hefði verið drukkinn og myndi kannski ekki eftir þessu og að brotapolali vildi ekki skemma helgina.

Svo hefði vinafólk brotapola og B komið í heimsókn, H og J, „sem betur fer, það færir athyglina aðeins“. Brotapolali hefði farið „í gegnum daginn með eins litlum samskiptum og ég get, og þraukum eitthvað fram eftir deginum á eftir og þá förum við heim og þetta er ekkert rætt og við bæði hummum þetta fram af okkur þangað til að ég kemst að því að D [...] hafi heyrt og séð eitthvað, og þá náttúrlega þurftum við að fara að ræða þetta og skoða þetta og endurmeta bara allt.“

Brotapolali sagði að á laugardeginum hefðu hún og eiginkona ákærða farið saman akandi að [...]. Kona ákærða hefði átt erindi í búð þar og brotapolali farið með.

Brotapolali sagði að fljótlega eftir ferðina hefði D spurt hvort eitthvað hefði borið við milli ákærða og brotapola í ferðinni, en hún hefði séð að eitthvað væri að. Brotapolali hefði sagt svo ekki vera. D hefði talað um að „hún hefði heyrt eitthvað í mér [...] og spurði hvort ég hefði farið að gráta eða eitthvað og henni fannst hún heyra [ákærða] labba [...] eða henni fannst hún hafa orðið vör við eitthvað, við hefðum verið eitthvað, eða heyrt í honum á ganginum labba og svo hefði hún heyrt einhver hljóð í mér“. Brotapolali sagðist telja að hún hefði svarað því til að hún hefði fengið martröð. Stúlkana hefði þá hætt að spyrja um þetta, en tæplega ári síðar hefði faðir hennar hringt í brotapola og sagt stúlkuna hafa sagt sér, að hún hefði litið inn í herbergið og séð brotapola gráta og séð ákærða bak við hurð. Brotapolali hefði þá farið „aftur í vörn“ og sagt að hún vissi ekki til þess að ákærði hefði komið inn í herbergið.

Eftir þetta hefði brotapolali séð að hún gæti ekki sagt stúlkunni að það, sem hún hefði séð, væri ekki rétt. Hefði hún þá útskýrt málið fyrir henni og eftir það sagt B frá þessu. Hann hefði orðið algerlega miður sín og ásakað sjálfan sig fyrir að hafa ekki spurt betur út í málið. Á þeim tíma hefði verið búið að bjóða ákærða og konu hans í brúðkaupið og hefði B talað við ákærða og sagt honum að koma ekki nálægt þeim aftur. Eftir brúðkaupið, sem farið hefði fram í [...], hefðu þau ákveðið að leggja fram kæru. Brotapolali hefði viljað sýna dóttur sinni að ekki væri eðlilegt að gera ekkert við þessar aðstæður.

Brotapolali sagði B hafa talað við ákærða og spurt hvort eitthvað væri til í þessu. Skildist sér að „hann hefði sagt já við einhverju og þannig að þetta hefði verið bara eitthvað smá eitthvað kiss og káf og eitthvað svona bull bara“. Þegar B hefði sagt að D hafi orðið vitni að þessu þá hefði ákærði dregið allt til baka.

Brotapolali sagðist nær aldrei hafa farið í samkvæmi í fjölskyldunni á þeim tíma frá því atvikin hefðu orðið og þar til hún hefði sagt frá þeim. Hún hefði þannig aðeins farið í eitt matarboð af fimmtán. Fólk hefði spurt hverju þetta sætti en hún komið með ýmsar afsakanir. Eftir að B hefði sagt að fjarverja sín væri farin að þykja dónaleg hefði brotapolali mætt í næsta boð, en það eina sem hún hefði gert þar hefði verið að forðast ákærða sem „er alltaf að reyna að setjast og standa nálægt mér eða horfa á mig eða tala við mig“.

Brotapolali sagði að í „gæsunarpartíi“ sínu hefði ákærði komið til tals í samtali sínu og F, frænku B, en ákærði hefði sýnt F „óviðeigandi hegðun líka, bara eins og öllum konum í fjölskyldunni,“ og „þá

bara upp frá því þá brotna ég og segi að þetta hafi verið nýkomið upp með D og segi bara að ég sé miður mín að hann sé að mæta í brúðkaupið og segi þá bara alla söguna.“ Hefðu F og þrjár vinkonur, I, K og L, brotþola þá heyrt sögu hennar.

Brotþoli sagðist hafa verið „ómöguleg“, lokuð og fáskiptin fyrst eftir atburðinn en hafa „lokað á þetta“ eins og hún hefði getað. Einstaka snum hefði hún þó brotnað niður. Henni hefði til dæmis verið erfitt að fara [...] til ákærða til að sækja [...], skömmu áður en hún hefði frétt af samtali D og föður hennar. Hún hefði þurft að herða sig upp í að fara á [...]. Ákærði hefði „ekkert skynbragð“ borið á að þetta hefði verið brotþola óþægilegt. Hann hefði viljað spjalla og verið lengi að afhenda henni [...].

Brotþoli var spurð hvort hún hefði ekki talið neitt óeðlilegt við að leita til ákærða um [...], eftir það sem á undan væri gengið. Hún sagðist ekki hafa lítið svo á. Hún hefði ekki skipt sér af slíkum málum.

Brotþoli sagði að ákærði hefði alltaf verið mjög „klúr“ og „óviðeigandi“. Þegar þau hittust hefði hann jafnan einhver orð um útlit hennar. Hann hefði talað um að B væri heppinn „að eiga sexí konu“ og eftir að ákærði hefði frétt að brotþoli hefði farið í brjóstaaðgerð hefði hann spurt um aðgerðina „í tíma og ótíma“. Hefði þetta verið svona allan þann tíma sem hún hefði þekkt hann, sem hefði verið frá árinu [...]. Hann hefði þó aldrei verið „neðan beltis“ og aldrei gert sér neitt fyrir en umrædda nótt.

Brotþoli sagðist aldrei hafa daðrað við ákærða og aldrei hafa sýnt honum brjóst sín. Hún hefði aldrei kysst hann, „aldrei komið við varinnar á þessum manni“.

Brotþoli sagðist ekki hafa sýnt brjóst sín í „gæsunarpartiinu“.

Vitnið B, eiginmaður brotþola, sagði brotþola og dæturnar hafa farið akandi í bústaðinn á föstudeginum. Vitnið hefði þá verið í vinnu en ætlað með áætlunarbifreið daginn eftir. Á laugardeginum hefði vitnið verið í vinnunni og þá fengið skilaboð frá brotþola, efnislega á þá leið að hún vildi að hann væri á staðnum eða gæti komið þangað. Vitnið hefði spurt um ástæðu þess og hún svarað á þá leið að um nóttina hefði ákærði alltaf verið að reyna að draga sig fram. Vitnið hefði spurt hvort það hefði verið til þess „að djamma“ en brotþoli svarað að það hafi verið til þess að hafa mök. Þá hefði vitnið hringt í brotþola til að fá frekari útskýringar „og hún sagði að hann hefði alltaf verið að reyna að toga sig fram“. Vitnið hefði spurt frekar en brotþoli ekki viljað fara frekar út í það. Vitnið hefði komið í bústaðinn og rætt þetta áfram við brotþola. Hún hefði sagt að „hann hafi eitthvað verið að klípa í hana og eitthvað svona og gera eitthvað, en fór aldrei nákvæmlega út í neitt“. Brotþoli hefði viljað að vitnið ræddi þetta við ákærða en vitnið kvaðst ekki hafa vitað hvað það hefði átt að segja eða hver atburðarásin hefði verið, og hefði því ekki rætt þetta við hann. Þau hefðu svo verið eina eða tvær nætur í bústaðnum til viðbótar.

Vitnið sagði að brotþoli hefði ekki yrt á ákærða í bústaðnum og henni hefði einnig verið erfitt að vera í kringum eiginkonu ákærða af því hún hefði ekkert vitað. Brotþoli hefði einungis verið með telpunum og að hugsa um þær.

Eftir helgina hefði málið af og til komið upp og „svo bættist alltaf smá og smá við þegar [brotþoli] þorði að fara að segja betur hvað gerðist, þá varð þetta alltaf grófara og grófara“, en fyrst hefði brotþoli ekki viljað gera neitt í málinu, „ekki leggja þetta á fjölskylduna“. Nánar spurt hvað brotþoli hefði sagt svaraði vitnið að „hann hefði farið með fingur inn og reynt að troða lim upp í hana og svoleiðis, hún sagði mér það seinna, bara þegar við vorum komin heim. Ef ég hefði vitað það þarna [í sumar bústaðnum] þá hefði ég gert eitthvað“. Þessar umræður þeirra hefðu gjarnan orðið þegar viðburður hefði verið framundan í fjölskyldunni því þá hefði vaknað hugsunin um hvort ákærði yrði þar. Fjölskyldan hefði verið stór og oft eitthvað sem stæði fyrir dyrum, „eða var, nú er þetta eiginlega bara búið.“

Þegar þau hefðu frétt „að D hefði séð eitthvað“ hefðu þau orðið „að gera eitthvað“. „Og líka, af hverju er hann þarna inni og [brotapoli] grátandi og þá varð ég brjáláður og þá fór ég til hans upp á [...] og spyr hann út þetta“. Þetta hefði verið tæplega ári eftir atburðinn. „Þá segir hann, ja það gerðist eitthvað smá. Og ég sagði: [Brotapoli] segir að þú hafir gert þetta og þetta og þetta og hann bara nei, nei, það gerðist ekki.“ Vitnið hefði þarna sagt ákærða að hann væri ekki velkominn í brúðkaupið síðar um sumarið.

Vitnið sagði að einhverjum dögum síðar hefði ákærði hringt í sig og beðið sig [...]. Vitnið hefði samþykkt það og skellt svo á, en fljótlega hringt í systur sína, eiginkonu ákærða. Hefði vitnið þá meðal annars spurt hvers vegna ákærði bæðist ekki afsökunar, ef hann hefði ekki gert meira en „þetta litla þarna, klípa í brjóst, sem hann sagði, viðurkenndi, [...] en það heyrðist ekki múkk í honum.“ Fljótlega hefði ákærði hringt í vitnið og „ætlaði að fá að biðjast afsökunar.“ Vitnið hefði spurt á hverju hann bæðist afsökunar. „Fyrir að hafa þarna, klipið í hana,“ hefði ákærði svarað. Vitnið hefði þá sagt að miðað við frásögn brotþola hefði ákærði gert mun meira. Því hefði ákærði neitað. Vitnið hefði skorað á ákærða að viðurkenna það sem hann hefði gert. Ákærði hefði svarað því til að hann hefði ekki gert neitt. Eftir þetta hefði vitnið ekki verið í samskiptum við ákærða og konu hans.

Vitnið sagði að eftir þetta hefðu samskipti í fjölskyldunni verið slæm.

Vitnið sagði að brotþoli hefði lokað sig af gagnvart fjölskyldu vitnisins eftir þetta og nær aldrei farið í boð eða annað slíkt. Hefði næstum þurft „að pína hana“ til að [...].

Vitnið sagðist ekki hafa séð neitt athugavert við að fara með [...], eftir atvikið og eftir að brotþoli hefði verið farin að segja vitninu af atburðum næturinnar. Vitnið sagðist hafa náð „einhvern veginn alveg að loka á þetta“. [...].

Vitnið var spurt um „upphífgarkeppni“ í bústaðnum. Vitnið sagðist hafa tekið þátt í henni með ákærða og J vini sínum. Brotþoli hefði ekki verið með.

Vitnið C, eiginkona ákærða, sagðist muna eftir umræddri helgi. Á föstudeginum hefði þau notið góðs veðurs, drukkið kokteila og borðað um kvöldið. Morguninn eftir hefði B komið og brotþoli farið að sækja hann í áætlanarbifreiðina. B og ákærði hefðu farið í hjólaferð og svo í pottinn á eftir. Vinahjón B og brotþola hefðu komið í heimsókn á laugardeginum. Um kvöldið hefðu faðir vitnisins og kona hans komið í mat.

Vitnið sagði að eftir matinn á föstudagskvöldinu hefðu þau setið fram eftir og spjallað. Áfengi hefði verið drukkið, aðallega rauðvín, og þau orðið ölvuð, „öll þrælhífuð“.

Vitnið sagðist ekki hafa orðið vart við neitt um nóttina. Þegar borinn var undir vitnið framburður ákærða að hann hefði vaknað við einhvern skell sagði vitnið minnst einhvers sem líklega hefði komið frá svefnloftinu þar sem eldri börnin hefðu sofið. Ákærði hefði farið fram, að því er vitnið héldi, en vitnið steinsofnað aftur.

Vitnið sagði að á laugardeginum hefðu vitnið, ákærði og brotþoli farið á fætur um svipað leyti. Samskiptin hefðu verið „ósköp edlileg“. Stemmningin á laugardeginum hefði verið mjög góð. Ákærði og brotþoli hefðu farið í „upphífgarkeppni“ úti á palli síðar um daginn, eftir að B hefði verið kominn. Vitnið sagðist ekki muna hvort hann hefði verið með, en hann hefði verið að spjalla við vinahjón þeirra brotþola. Samskipti sín og brotþola hefðu verið góð um daginn og eins og venja hefði verið. Vitnið hefði ekki tekið eftir neinni breytingu á henni. Þær hefðu farið saman í búð og þar hitt vinafólk brotþola og B, sem hefði svo komið í bústaðinn.

Vitnið sagði að samskiptin á sunnudeginum hefðu verið með sama hætti og daginn áður. B og brotþoli hefðu svo ákveðið að fara heim eftir kvöldverðinn á sunnudeginum.

Vitnið sagði að samskiptin við brotaþola og B hefðu „lengi vel“ verið með hefðbundnum hætti eftir umrædda helgi. Samskiptin hefðu verið frekar tíð. Vitnið og B væru tvö [...] systkina og hefðu systkinin haft fyrir sið að hittast af og til og borða heima hjá einhverju þeirra. Vitnið hefði aldrei orðið vart við að neitt væri óeðlilegt fyrr en B hefði komið á [...] til ákærða 4. júlí 2014. Vitnið hefði þá haldið að B væri að koma til að greiða skuld [...] en hann hefði beðið ákærða að koma með sér út í bifreið sína. Þaðan hefði ákærði svo komið „eins og draugur í framan og sagði að [B] vildi ekki að hann kæmi í brúðkaupið sem átti að vera þarna í [...]“. Vitnið hefði þá hringt í B og „þá fékk ég þetta yfir mig“. B „öskraði og æpti á [vitnið] eins og vitlaus maður“ og vitnið hefði ekki „skilið helminginn af því sem hann sagði.“

Vitnið var spurt hvað ákærði hefði sagt um samtalið sitt og B. Vitnið hafði eftir honum að B hefði sagt D hafa séð eitthvað á milli ákærða og brotaþola í bústaðnum og að hún hefði sagt föður sínum það.

Vitnið var spurt hvort brotaþoli hefði komið í matarboðin eins og áður, á tímabilinu frá umræddri helgi og fram að samtali B og ákærða á [...]. Vitnið sagðist ekki muna það en „einhvern tíma vantaði hana allavega, hún kom ekki, þá sagði hann að hún væri [...]“. Samskiptin hefðu þó orðið minni eftir þessa helgi.

Vitnið sagði að hinn [...]. Þar hefðu þau ákærði verið og einnig brotaþoli og B. Þar hafi brotaþoli verið sýna þeim mynd af brúðarkjólnum sem hún ætlaði að klæðast um sumarið. Þau hefðu setið hlið við hlið.

Vitnið var spurt um orð sín í lögregluskýrslu þess efnis að brotaþoli hefði „alltaf hagað sér eins og vitleysingur við [ákærða] þegar hún [væri] drukkinn.“ Vitnið sagði svo vera. Nánar spurt sagði vitnið að „glyðrugangur“ hefði verið „í henni“. Vitnið sagði að eftir eitt brúðkaup í fjölskyldunni hefðu brotaþoli og B komið ásamt öðrum hjónum heim til vitnisins og ákærða. Þar hefði brotaþoli verið „í stuttum kjól og hoppaði klovvega upp á hann.“ Þetta hefði vitnið séð sjálf. Eina sinni hefði brotaþoli sagt að „hún þyrfti nú svona stóran og sterkan mann eins og [ákærða].“

Vitnið sagðist ekki trúa því að ákærði hefði „gert þetta“. Hefði eitthvað borið við, hefði það verið með samþykki brotaþola. Vitnið hefði aldrei vitað til þess að ákærði neyddi nokkurn til neins.

Vitnið sagði að ákærði hefði sagt sér að „þetta hefði verið eitthvað svona káf“.

Vitnið var spurt hvort ákærði ætti til að tala með óviðeigandi hætti við konur. Hún sagðist ekki hafa heyrt af slíku.

Vitnið M sagði dóttur sinni, D, hafa verið „ofboðslega mikið niðri fyrir“. Vitnið hefði farið að ganga á hana hverju það sætti og þá hefði hún farið að „tala um eitthvað atvik uppi í sumarbústað sem að varðaði mömmu hennar og svo svona fyrir rest þá viðurkenndi hún fyrir mér að hafa heyrt mömmu sína grátandi og séð þennan mann standa yfir henni.“ Vitnið hefði ekki rætt þetta mikið frekar við stúlkuna en haft samband við brotaþola og sagt henni þetta. Stúlkun hefði sagt að þetta hefði verið um kvöld eða nótt, hún hefði að minnsta kosti sjálf verið komin í rúm. Vitnið sagði að sig minnti að stúlkun hefði sagt að hún hefði farið og kíkt niður, hugsanlega hefði hún sofíð „á einhverju svefnlofti“, og séð þá manninn standa yfir mömmu sinni. Þá hefði stúlkun talað eitthvað um rifrildi.

Vitnið sagðist muna frásögn D þannig að hún stúlkun hafi ekki farið sjálf inn í herbergið.

Vitnið sagði að brotaþoli hefði brugðið að heyra „að [D] hefði orðið vitni að einhverju“. Brotaþoli hefði sagt „ég vissi ekki að hún hefði séð þetta“.

Vitnið sagði að D hefði „ekki viljað fara í matarboð þar sem [ákærði væri]“.



Vitnið sagði að D hefði talað um að drengurinn, sem einnig hefði verið í bústaðnum, hefði sagt „að þetta væri bara eitthvað fyllerís-eitthvað, lætin hefðu verið bara verið svona fyllerís-eitthvað.“

Vitnið sagðist hafa trúað frásögn dóttur sinnar. Stúlkan hefði virkað á sig sem hrædd, þegar hún hefði sagt frá þessu.

Vitnið D, dóttir brotþola, sagði að eftir kvöldmat hefði vitnið farið upp á loft með E, barnabarni ákærða, til að horfa á kvikmyndir, en fullorðna fólkið hefði verið niðri að tala saman og drekka rauðvín. Svo hefði brotþoli farið inn í herbergi að sofa en vitnið haldið áfram að horfa á myndina. Eftir myndina hefðu þau slökkt á tölvunni og spjallað eitthvað saman fyrir svefninn. Vitnið hefði heyrt eitthvað skrýtið hljóð en ekki áttað sig á því hvað það væri, en það hefði verið „eins og svona þínu átök, eða það var eitthvað óhugnanlegt við þetta hljóð.“ E hefði séð að vitnið hefði tekið eftir hljóðinu og að því liði „ekkert sérstaklega vel“ og hann hefði sagt vitninu að hafa ekki áhyggjur, þetta væru bara amma hans og afi að hafa kynmök. Þetta væri ekki í fyrsta skipti sem þau gerðu það þótt gestir væru í bústaðnum. Vitnið sagði að sér, sem þarna hefði verið [...] ára, hefði ekki liðið betur við þetta og hefði því farið niður hefði ætlað að bjóða brotþola góða nótt, „og ég bara fer inn í herbergið og ég heyri ekkert svakalega mikið, ég heyri smá [grát] þannig að ég náttúrlega fer aðeins að drífa mig meira og ég fer sem sagt inn í herbergið og það fyrsta sem ég sé er bara mamma þarna, hún er hágrátandi og [...] það var eins og einhver væri að hlaupa frá þar sem hausinn hennar var og bak við hurð og ég náttúrlega bara ég ætla að opna hurðina og svo bara finn ég að það er ekki hægt þannig að ég kíkji og þá er sem sagt stendur [ákærði] þar á bak við en ég náði ekki að horfa á hann lengi, hann labbaði bara strax út og svo horfði ég aftur á mömmu og þá er bara búin að snúa baki í mig og bara snökta eitthvað smá, ekkert mikið meira heyrðist og ég sem sagt vildi ekki fara aftur upp, ég fór og lagðist, ef ég man rétt, lagðist bara í farangurinn við rúmið bara, af því að það var ekki pláss í rúminu, báðar systur mínar, litlu systur mínar voru uppi í rúminu þegar þetta átti sér stað en voru báðar bara steinsofandi við hliðina á og það var ekkert pláss.“

Nánar spurt sagði vitnið: „Ég sá einhvern, en svo sá ég bara þá manneskju bara fara á bak við hurð og þegar ég kíkta á bak við hurðina þá stóð [ákærði] þarna, en hann fór strax út og hann kom ekkert aftur eftir þetta.“

Vitnið lýsti hljóði sem það hefði heyrt í upphafi, eins og dynk eða höggi. Það hefði ekki verið eins og þegar kælisrápur væri opnaður eða vatni hellt í glas. „Þetta var eitthvað sem ég er ekkert von því að heyra“. Vitnið sagðist hafa heyrt grát áður en það hefði komið inn í herbergið.

Vitnið sagði að brotþoli hefði verið nakin.

Morguninn eftir hefði vitnið vaknað og farið að leika við systur sínar og reynt að hugsa ekki mikið út í atburði næturinnar. Vitnið sagðist muna til þess að hafa nær ekkert séð brotþola þennan dag nema ef hún færi á snyrtingu og slíkt. Hún „talaði eitthvað smá en sagðist bara vilja vera inni í herbergi og fá frið“.

Vitnið sagði að þegar þær mægður hefðu talað um málið síðar, „þegar hún komst að því að [vitnið] vissi af þessu öllu saman, að þá sagði ég sástu mig ekki, ég horfði í augun á þér og hún sagði bara nei ég sá þig ekki sko. En mig minnir að hafa horft í augun á henni þegar ég kom inn.“ Vitnið sagðist hafa staðið í dyragættinni og „labbaði bara rétt svo nóg til að geta opnað hurðina og kíkt á bak við og það var ekkert svakalega langt.“

Vitnið var spurt um klæðnað ákærða og svaraði: „Mig minnir að hann hafi verið í hvítum nærbuxum og það leit þínu út eins það væri búíð að draga þær aðeins niður að framan en mér sýndist hann samt vera í hvítum nærbuxum og engu öðru.“ Ákærði hefði horft á vitnið, snúið sér undan og gengið út og beint inn í herbergi til konu sinnar. Hann hefði ekkert sagt við vitnið. Þegar ákærði hefði

verið farinn og brotapolí litið aftur að brotapolá hefði hún verið „búin að snúa sér við og taka sængina yfir sig og ég var náttúrulega sjálf bara í sjokki, ég vissi ekkert hvað var að gerast eða neitt svoléiðis“. Þær hefðu ekkert talað saman þarna og ekki heldur næsta dag, brotapolí hefði haldið sig „mjög mikið frá“, að minnsta kosti þangað til B hefði komið.

Vitnið sagði að brotapolí hefði verið með „maskara, og hefur bara gleymt að taka það af, það var alveg svart hérna undir augunum, [...] ég sá alveg að hún var blaut undir augunum [...] og hún eitthvað var byrjuð að sjúga upp í nefið og bara [...] það var alveg eins og svona þegar hún er að jafna sig á gráti, með svona ekka“.

Vitnið sagði að dimmt hefði verið í öllu húsinu um nóttina.

Vitnið sagðist hafa haldið þessu út af fyrir sig þar til það hefði, tæplega ári síðar, sagt föður sínum frá því sem það hefði orðið vitni að, og hann hefði talað við brotapolá. Vitnið hefði þó einu sinni áður spurt brotapolá hvers vegna hún hefði grátið og brotapolí svarað að hana hefði dreymt illa og ákærði hefði komið með vatnsglas og reynt að hugga sig.

Vitnið sagði að dag einn, þegar hún hefði verið búin að segja föður sínum af atburðum næturinnar, hefði vitnið komið heim úr skóla og þá heyrð B inni á baðherbergi að tala í síma og kalla viðmælandann heigul og banna honum að koma í brúðkaupið og að hann skyldi „ekki voga sér að koma nálægt fjölskyldunni aftur, og eitthvað svoléiðis“. Hefði vitnið þá gert sér grein fyrir að eitthvað væri að. Það kvöld hefði brotapolí spurt vitnið hvað það hefði séð og hvað það vissi, og vitnið hefði sagt henni það. Hefði brotapolí þá sagt sér alla söguna. Stuttu eftir það hefði brotapolí farið og kært.

Vitnið sagði að eftir umrædda helgi hefði brotapolí hætt að sækja boð í fjölskyldunni. Systkini B hefðu oft haldið matarboð sem brotapolí hefði áður haft mjög gaman af að sækja, en eftir þetta hefði hún ekki komið. Alltaf verið upptekin við eitthvað annað. B og stelpurnar þrjár hefðu hins vegar farið.

Vitnið F er þannig tengt aðilum að eiginkona ákærða er móðursystir vitnisins en eiginmaður brotapolá er móðurbróðir vitnisins. Vitnið kvaðst hafa verið í svonefndu „gæsunarpartíi“ brotapolá. Þar hefði brotapolí sagt dóttur sína, D, hafa séð eitthvað, og í framhaldi af því hefði brotapolí sagt að ákærði „hefði leitað á sig og hún hefði þurft að ýta honum út úr herberginu sem hún var í, og mér skilst að [D] hafi verið inni í því herbergi. Og [ákærði] hefði sem sagt komið inn og eitthvað leitað á sig og það [...] varð eitthvað og hún þurfti að ýta honum út úr herberginu. Vitnið sagðist ekki muna aðdraganda þessarar frásagnar brotapolá, þetta hefði verið síðla kvölds og þær hefðu verið búnar að skemmta sér frá því um morguninn, „þetta var mjög langur dagur og langt kvöld“. Allt í einu hefði verið byrjað að tala um þetta. Brotapolí hefði verið drukkin þegar þetta var og grátandi. Umræðan hefði verið vitninu óþægileg, enda það tengt bæði ákærða og brotapolá, og hefði það því fljótlega brugðið sér út um stund. Þegar vitnið hefði komið inn aftur hefði brotapolí verið að tala við eina vinkonu sína. Síðar, þegar brotapolí hefði verið búin að jafna sig, hefðu þær farið á einhvern bar.

Vitnið sagði að á barnum hefði brotapolí sýnt brjóst sín. Vitnið hefði ekki séð hana gera það í önnur skipti en kvaðst hafa heyrð að hún gerði þetta stundum, en ekki vita meira um það.

Vitnið sagðist ekki hafa heyrð brotapolá segja neitt í þá veru að ákærði væri eini maðurinn sem vildi reyna við hana. Hefði vitnið ekki heldur heyrð neinn hafa slík orð eftir henni.

Vitnið kvaðst halda að samkvæmið hefði verið haldið í heimahúsi í [...].

Vitnið sagðist hafa sagt móður sinni, bróður og einhverju fleira fólki frá frásögn brotapolá.

Vitnið sagði að samskipti í fjölskyldunni hefðu verið góð, tíð matarboð og slíkt. Eftir að fjölskyldan hefði frétt af frásögn brotaþola í samkvæminu hefðu slík boð ekki verið haldin. Vitnið tók þó fram í þessu samhengi að langt væri um liðið og það myndi þetta ekki nákvæmlega.

Vitnið sagðist aldrei hafa heyrt að eitthvert samband væri milli ákærða og brotaþola, daður eða slíkt.

Vitnið E, barnabarn ákærða, sagðist hafa verið í sumarbústað ömmu sinnar og afa umrædda helgi og muna að þar hefðu verið gestir. Annars kvaðst vitnið lítið muna frá helginni. Þetta hefði verið „nokkuð venjuleg helgi“ og ekki viðburðarík. Þarna hefðu komið B og brotaþoli og einnig langafi vitnisins. Þá hefði verið að minnsta kosti ein dóttir brotaþola og B en vitnið kvaðst ekki muna hvort hinar dæturnar hefðu verið með.

Vitnið sagðist hafa sofið uppi á svefnlofti. Kvaðst vitnið fyrst lítið muna frá aðfaranótt laugardagsins og telja sig hafa verið á „fylleríi“. Nánar spurt sagðist vitnið hafa verið á „fylleríi“ einhverja helgi um þetta leyti, líklega þessa helgi, að minnsta kosti annað kvöldið. Vitnið kvaðst muna lítið sem ekkert eftir samskiptum við D um helgina. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að hafa heyrt hljóð í húsinu aðfaranótt laugardags. Þegar borið var undir vitnið, hvort það og D hefðu heyrt hljóð um nóttina og vitnið skýrt það með því að þarna væru afi þess og amma að hafa mök, sagði vitnið að það rámaði í slíkt og bætti svo við: „Jú, jú, jú algjörlega, það heyrðust einhver hljóð og ég var eitthvað spurður út í hvaða hljóð væri þetta og ég taldi mig ansi vissan á því að þetta væri bara það venjulega, ég reiknaði bara einhvern veginn með að þetta væru afi og amma sem væru í sínum venjulegu mökum, eða það hefur komið fyrir nokkurum sinnum að maður heyri í því.“ Nánar spurt kvaðst vitnið ekki geta lýst hljóðunum, en „þetta bara hljómaði fyrir mér þá og og þegar bara eins og mök eins og gengur og gerist, mér fannst þetta ekki hljóma neitt skringilega.“ Vitnið tók fram að þetta gæti vel hafa verið rangt metið hjá sér, enda vitnið ungt á þessum tíma. Vitnið kvaðst telja sig hafa heyrt í fólki frekar en hávaða í húsgögnum, einkum í konu, héldi vitnið „en aftur, því miður, man ég ekki nógu vel eftir þessu til að geta verið alveg viss.“ Nánar spurt um hljóðin sagðist vitnið telja sig hafa heyrt stunur.

Vitnið kvaðst ekki muna hvort og þá hvað D hefði gert í framhaldi af þessu. Sérstaklega spurt sagði vitnið að sig minnti að hún hefði tekið skýringu þess góða og gilda. Mjög vel gæti verið að D hefði farið niður eftir þetta.

Vitnið J sagðist hafa komið í bústaðinn til að hitta B og brotaþola en ekki muna nákvæmlega hvaða helgi það hefði verið. Vitnið sagðist ekki muna vel eftir þessu en muna að veðrið hefði verið gott. Þau hefðu verið úti á palli.

Vitnið kvaðst ekki muna eftir að fólk hefði reynt með sér í „upphífungum“ og ekki muna eftir neinu sérstöku úr heimsókninni. Þá kvaðst vitnið ekki muna eftir neinu sérstöku um samskipti fólksins, „það var bara eitthvað verið að spjalla“. Vitnið og B væru vinir og þeir hefðu spjallað talsvert saman. „Þær, [H kona vitnisins og brotaþoli] sátu þarna og voru í sólbaði eiginlega og við [B] vorum bara að spjalla mest, [...] þetta var einhvern veginn svona skipt þannig, það er svona í minningunni“. Vitnið ítrekaði að minning sín um heimsóknina væri fyrst og fremst gott veður og þeir B að spjalla saman. Vitnið sagðist ekki muna til þess að brotaþoli hefði verið eitthvað til baka.

Vitnið H kvaðst hafa farið í sumarbústaðinn til að hitta brotaþola og B. Vitnið kvaðst muna „voðalega lítið frá þessu“ en þau hefðu setið úti á palli, léttklædd í góðu veðri. Vitnið sagði þær brotaþola hafa verið í sólbaði úti á palli og spjallað saman, án þess að vitnið myndi nokkuð sérstakt úr

samtalinu. Um tíma hefði þriðja konan verið með þeim á pallinum, en maður vitnisins og börn hefðu verið í kring.

Vitnið kvaðst aðspurt ekki muna til þess að fólk hefði reynt með sér í „upphífungum“.

Vitnið sagði brotaþola og fjölskyldu hennar hafa verið nágretta sína á þessum tíma og nokkur samgangur á milli, auk þess sem þau þekktust [...]. Vitnið var spurt hvort eitthvað hefði verið óvenjulegt við brotaþola þennan dag og svaraði: „Nei, mér fannst, þau voru mjög róleg, ég veit ekki, þetta er þessi getgáta sem ég kannski er með, en mér fannst eins og væri einhver þynnka, það var þannig tilfinning sem ég hafði þarna, að það væri eitthvað svona, einhver þreyta, en ég veit ekki neitt um það, ekki neitt, og hef ekkert fyrir mér í því sko.“ Andrúmsloftið hefði verið rólegt, kannski „eins og það væri einhver þreyta í gangi eða eitthvað“.

Vitnið sagði að brotaþoli hefði ekki rætt við sig um atburði helgarinnar fyrr en hún hefði látið vitnið vita að það yrði kallað til vitnisburðar. Brotaþoli hefði þá sagt sér af málavöxtum og vitnið komið „algerlega af fjöllum“.

Vitnið G, systir eiginkonu ákærða og eiginmanns brotaþola, sagði dóttur sína F hafa sagt sér að brotaþoli hefði í „gæsunarpartí“ sagt ákærða hafa leitað á sig. Það hefði verið „hræðilegt“ að heyra þetta og væri engin leið að lýsa hvernig þetta hefði „farið með fjölskylduna“.

Vitnið kannaðist ekki við að hafa heyrt talað um að brotaþoli hefði í samkvæminu haft á orði að ákærði væri eini karlmaðurinn sem vildi sig, eða eitthvað í þá veru.

Vitnið I er þannig tengd ákærða og brotaþola að eiginmaður vitnisins er bróðir eiginkonu ákærða og eiginmanns brotaþola. Vitnið sagðist hafa verið gestur í „gæsunarpartí“ brotaþola. Í samkvæminu hefði brotaþoli farið að gráta og sagt frá því að „það hafi komið eitthvað upp á milli hennar og [ákærða] í sumarbústað, ég veit ekki hversu löngu áður það var, ég man það ekki og hún vildi ekki að hann kæmi í brúðkaupið. Það byrjaði þannig [...] og svo segir hún að hann hafi ráðizt á hana þegar hún var, mig minnir, ég man þetta ekki nákvæmlega, mig minnir að hún hafi sagt að hún hafi verið farin að sofa.“ Vitnið kvaðst ekki muna eftir sérstökum aðdraganda að þessari frásögn brotaþola. Hún „var bara búin að vera svona, hvað á maður að segja, ekki í uppnámi yfir daginn en [...] hún fór að gráta líka þegar við sóttum hana, komum henni á óvart, [...] þannig að hún var búin að vera svona stutt kannski í tárin yfir daginn“. Vitnið hefði hins vegar haldið að það væri vegna gleði og spennu vegna brúðkaupsins.

Vitnið tók fram að það myndi ekki nákvæmlega hvað brotaþoli hefði sagt, þær hefðu verið búnar að fara víða og skemmta sér allan daginn og hefðu verið ölvaðar. Nánar spurt sagði vitnið: „Hún segir sem sagt að hún hafi verið farin að sofa, eða hún alla vega verið inni í herbergi [...] og hann hafi komið þar inn og að, [...] mig minnir að hún hafi ekki sagt að [D] hafi komið að heldur að hún hafi nýlega frétt það frá pabba [D] að hún hafi sagt pabba sínum frá því að hún hafi séð þarna [...] eitthvað til þess að það hafi verið eitthvað í gangi þarna eða eitthvað svoleiðis.“ Nánar spurt um hvernig brotaþoli hefði lýst gjörðum ákærða sagði vitnið: „Hún talaði um að hann hefði bitið sig í, hvort hún hafi talað um brjóstið minnir mig eða eitthvað svoleiðis.“ Vitnið sagðist ekki muna hvort brotaþoli hefði talað um annað brjóstið eða bæði. Vitnið sagði að frásögn brotaþola hefði komið „rosa flatt upp á“ sig.

Vitnið sagði að þær hefðu farið úr samkvæminu og svo seint á kvöld á tvo bari. Á leiðinni hefði brotaþoli berað brjóst sín. Þær hefðu vinkonurnar úr samkvæminu verið á ferð en ekki aðrir. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt af öðrum tilvikum þar sem brotaþoli hefði gert þetta. „Mér fannst eins og hún hefði ákvæði bara að hún ætlaði að reyna að hafa gaman þetta kvöld og láta verða af því að fara út eftir

Þetta partí eins og var planað [...] þannig að það var svona ákveðinn galsi kannski í henni bara að hún var að reyna að vera glöð fannst mér, mér fannst hún vera að reyna að vera létt og eitthvað þannig.“

Vitnið kvaðst ekki kannast við að brotaþoli hefði talað á þá leið að ákærði væri eini maðurinn sem vildi hana eða nennti að reyna við hana.

Vitnið sagði að í fjölskyldunni hefðu af og til verið haldin matarboð. Brotaþoli hefði ekki alltaf komið í þau. Eftir „gæsunarpartí“ hefði hún komið sjaldan eða aldrei. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið sérstaklega eftir hvort hún hefði komið fyrir þann tíma.

Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við neitt sérstakt samband milli ákærða og brotaþola, daður eða slíkt. Hefði hún ekki verið öðruvísi við ákærða en aðra, „ekkert frekar við hann heldur en bara alla aðra, hennar karakter er kannski svona léttur, er ekki mjög svona hlédræg, hún talar við hvern sem er í svona boðum og svoleiðis.“ Væri brotaþoli opinská en vitnið hefði ekki tekið eftir að það beindist að einum frekar en öðrum.

Vitnið N, sem gift er tengdaföður ákærða og brotaþola, kvaðst hafa komið í bústaðinn ásamt eiginmanni sínum laust fyrir kvöldverð á laugardeginum. Þau hefðu farið og sókt B þegar hann hefði komið með áætlanarþinginu að sunnan. Í bústaðnum hefði brotaþoli þá verið með dætrum sínum, auk ákærða og konu hans. Þá hefði E barnabarn ákærða og konu hans verið þarna, en ekki aðrir gestir. Þegar þau hefðu komið hefði verið rok og ekki sérstakt útíveður, ákærði hefði grillað en C lagt á borð. Brotaþoli hefði setið í sóffa og hafi orðið fagnafundur með henni og B. Ekkert hefði verið óeðlilegt að sjá. Vitnið hefði ekki tekið eftir neinu óvenjulegu í fasi brotaþola eða B. Brotaþoli hefði setið inni í stofu ásamt öðrum og ekki dregið sig í hlé. Vitnið sagðist muna vel eftir deginum og halda auk þess dagbók um sumarþustaðarferðir sínar.

Vitnið sagði þau hjón hafa farið um túleytið um kvöldið eða svo.

Vitnið var spurt um samskipti í fjölskyldunni og nefndi að það hefði verið „með þessu fólki bara í sömu veizlunni til dæmis 15. júní árið 2014 og þar erum við saman við útskrift og þar eru bæði [B] og [brotaþoli] og [ákærði] og [C], bara eins og venjulega, svoleiðis að þegar að [...] við fréttum af þessu þarna ári eftir þennan atburð, eða rúmlega það, þá kom þetta okkur mjög á óvart.“ Kvaðst vitnið eiga myndir úr boðinu og væru þau þar öll.

Vitnið sagðist ekki hafa merkt neina breytingu á samskiptum í fjölskyldunni, en bætti við: „Samskiptin náttúrulega, það var nú kannski ekkert svo mikið nema bara það sem fólk hittist [...] í einhverjum boði hjá hvert öðru og eitthvað svoleiðis, þar sem eitthvað var um að vera.“ Vitnið kvaðst ekki vita nákvæmlega hverjir hefðu mætt í matarboð systkinanna þar sem vitnið og eiginmaður þess [...].

Vitnið sagðist hafa frétt af málinu í ágúst 2014 því þá hefðu þau hjón boðið öllum systkinunum og mökum út að borða vegna brúðkaupsafmælis og þá hefðu allir nema brotaþoli komið. Upp frá því hefði B sagt föður sínum frá málinu.

Vitnið K sagðist hafa verið í háskóla með brotaþola og þær orðið mjög góðar vinkonur þar. Vitnið hefði verið í „gæsunarpartí“ brotaþola en alls hefðu sex konur tekið þátt í því. Þar hefði brotaþoli sagt þeim frá málinu, grátandi, og hefðu þær hinar hvatt hana til að fara með málið lengra.

Vitnið kvaðst ekki muna aðdraganda þess að brotaþoli hefði rætt málið í samkvæminu. „Hún segir okkur bara að hann hafi nauðgað henni og fer bara að gráta og við spyrjum hana eitthvað út í þetta og hún lýsti þessu að einhverju leyti en aðallega ræddi hún bara um þetta og hvað það væri erfitt [...] og

ástæðan fyrir því að ræða væri að [D] hefði sagt þetta við hana, að [D] hefði byrjað að tala um þetta og þess vegna væri hún að tala um þetta núna, vegna þess að hún hefði ekkert ætlað að ræða þetta, eða hefði ætlað bara að geyma þetta hjá sjálfri sér en síðan hefði [D] komið og nú myndist henni, og við vorum sammála því, vera ástæða til að fara með þetta lengra, bara til að sýna [D] að þegar svona hlutir koma fyrir þá á maður ekki að þegja yfir því. Hún ætlaði ekki að [...] ræða þetta, því þetta er augljóslega viðkvæmt mál innan fjölskyldunnar, en henni fannst hún knúin til þess þegar [D] sagðist hafa séð atburðinn.“

Vitnið sagðist telja að brotþoli hefði sjálf notað orðið nauðgun, en kvaðst ekki muna til að hún hefði farið nánar út í það.

Vitnið sagði að brotþola hefði verið frásögnin erfið og hún gert nokkur hlé á henni. Væri henni ekki tamt að vera langorð um erfið mál heldur hefði hún verið von að afgreiða þau snaggaralega.

Vitnið sagðist hafa hringt til brotþola daginn eftir og þá hefðu þær rætt þetta aftur. Vitnið kvaðst ekki muna hvað í frásögn brotþola hefði verið í samkvæminu og hvað í símtalinu, „eins og ég man þetta, þá var þetta einhvern veginn þannig að hún var í bústað með [B] og systur hans [D] og þessum manni og að mig minnir að eitthvað svona, [B] hafi farið í vinnu eða eitthvað þannig, og þau voru að gista þarna sem sagt barnabörn þessara hjóna og börnin hennar. Og þau höfðu setið að sumbli og síðan hafi konan hans farið að sofa og, mig minnir að þetta sé svona, og svo hafi hún farið að sofa og hann hafi sem sagt leitað á hana en hún hafi náð að koma honum af sér en hann hafi komið í seinna skipti aftur inn og þá hafi þetta átt sér stað. Einhvern veginn svona.“

Vitnið kvaðst alls ekki kannast við að brotþoli talað í þá veru að ákærði væri eini maðurinn sem hefði áhuga á henni.

Vitnið sagði að þær hefðu farið úr samkvæminu á bar og svo annan bar. Þær hefðu allar verið orðnar „blindfullar“, nema ein sem drykki ekki áfengi. Drykkjan hefði byrjað í samkvæminu og „náð hátindi sínum úti í bæ“. Í samkvæminu hefðu þær verið „nokkuð góðar“.

Vitnið sagðist ekki muna til þess að brotþoli hefði sýnt brjóst sín um kvöldið og ekki til þess að hún hefði gert það við önnur tækifæri.

## **Niðurstaða**

Í máli þessu eru ákærða gefin að sök kynferðisbrot sem hann er sagður hafa framið sumarið 2013. Eins og fram er komið var málið kært til lögreglu sumarið 2015 og liggja engin samtímagögn fyrir um ætluð atvik. Af þessum ástæðum fór hvorki fram læknisrannsókn á brotþola og ákærða né lögreglurannsókn á vettvangi. Við sönnunarfærslu í málinu liggur því fyrst og fremst fyrir munnlegur framburður ákærða, brotþola og annarra vitna. Fyrstu lögregluskýrslur eru teknar tæplega tveimur árum eftir atburðina, ákæra er gefin út rúmum fjórum árum eftir þá og þegar vitni komu fyrir dóm var rúmlega hálf tveimur árum liðið frá þeim. Við mat á sönnunargildi framburða verður að hafa það í huga.

Í ákæru er ætlað brot ákærða sagt framið í „sumarhúsi hans í [...]“. Í greinargerð ákærða segir að sumarhúsið sé í landi [...] en ekki [...]. Ákæruvaldið andmælti þessu ekki og verður miðað við að sumarhúsið sé í landi [...]. Hefur vörn ákærða ekki orðið áfátt vegna þessa.

Af hálfu ákærða er í greinargerð og var við munnlegan málflutning byggt á því að framganga brotþola fyrst eftir hin ætluðu atvik bendi ekki til þess að hún hafi orðið fyrir alvarlegu kynferðisbroti af hálfu ákærða. Hún dveljist áfram í sumarbústaðnum með börnum sínum og síðar einnig manni sínum fram fram á sunnudag án þess að láta á neinu bera. Hafi dómstólar við mat á sönnunargildi framburðar brotþola meðal annars horft til fyrstu viðbragða þeirra, svo sem hvort þeir hafi flúið af vettvangi, leitað

sér aðstoðar, talað við aðra um brotið og verið stöðugir í frásögn sinni. Fyrstu viðbrögð brotaþola hér séu ekki vísbending um að hún hafi orðið fyrir broti.

Ákærði og brotaþoli tengjast fjölskylduböndum. Brotaþoli var ásamt börnum sínum í sumarbústaðarferð með ákærða, konu hans og barnabarni og þangað var sambylismaður hennar, mágur ákærða, væntanlegur. Hafi brot verið framið, svo sem rakið er í ákæru, væri vissulega mjög skiljanlegt ef brotaþoli kysi að fara af staðnum með börnum sínum jafnskjótt og aðstæður leyfðu. Brotaþoli þessa máls hefur hins vegar lýst því að hún hafi framan af ekki viljað að það, sem fyrir hana hefði komið, spyrdist út í fjölskyldunni. B maður hennar sagði fyrir dómi að hún hefði framan af ekki viljað gera neitt í málinu, „ekki leggja þetta á fjölskylduna“. Brotaþoli hefur lýst atburði sem hafi orðið í skjóli nætur þegar flestir voru gengnir til náða. Sambylismaður hennar var væntanlegur daginn eftir og þeim ber saman um að hún hafi þá haft samband við hann og óskað eftir að hann kæmi sem fyrst. Þegar á allt er horft þykir það, að brotaþoli hafi kosið að dvelja áfram í sumarbústaðnum um helgina ásamt fjölskyldu sinni, ekki draga úr trúverðugleika hennar í málinu.

Brotaþoli sagðist hafa farið „í gegnum daginn með eins litlum samskiptum“ og hún hefði getað. B maður hennar sagði fyrir dómi að hún hefði ekki yrt á ákærða heldur einbeitt sér að því að sinna dætrum þeirra. D dóttir hennar sagðist hafa nær ekkert séð brotaþola á laugardeginum. Brotaþoli hefði haldið sig „mikið frá“ að minnsta kosti þar til B hefði verið kominn. Á hinn bóginn sagði C, kona ákærða, að ekkert óeðlilegt hefði verið við samskipti fólks á laugardeginum og góður andi. N kvaðst ekki heldur hafa tekið eftir neinu óeðlilegu, brotaþoli hefði setið með B inni í stofu og ekki dregið sig í hlé. Vinafólk ákærða og brotaþola, J og H, komu í heimsókn í bústaðinn og kváðust fyrir dómi ekki muna mikið eftir heimsókninni. H, sem var í sólbaði með og á spjalli við brotaþola, sagðist hafa haft þá tilfinningu að einhver „þynna“ eða „þreyta“ væri yfir henni. Að öllu samanlögðu þykir ekki hafa verið sýnt fram á í málinu að framkoma brotaþola í ferðinni, eftir umrædda nótt, hafi verið þess eðlis að skipti máli við sönnunarmat í málinu.

Við munnlegan málflutning var af hálfu ákærða bent á að [...] sumarið 2014. Væri ólíklegt að fólk leitaði til manns, sem hefði beitt annað þeirra alvarlegu kynferðislegu ofbeldi. Fyrir dómi voru brotaþoli og B spurð um þetta. Brotaþoli sagðist ekki hafa skipt sér af þessum málum og ekki hafa talið þetta óviðeigandi. B nefndi að [...]. Þá hefði hann sjálfur náð einhvern veginn „að loka á þetta“. Hann hefði ekki séð neitt athugasvert við að leita til [...]. Þessum svörum þeirra B og brotaþola þykir ekki verða vísað á bug, þótt almennt verði að telja líkur á móti því að fólk leiti að fyrri bragði eftir viðskiptum við þá sem það hefur reynt að alvarlegu kynferðisbroti. Hér eins og annars staðar í málinu þarf einnig að meta atvik í ljósi fjölskyldubanda þeirra sem í hlut eiga.

Ákærði segir að milli sín og brotaþola hafi áður verið nokkur samskipti í þá veru sem hann segir hafa orðið um nóttina. Þau hafi kysst hvort annað og brotaþoli hafi stundum sýnt honum brjóst sín. Brotaþoli neitaði hvorutveggja fyrir dómi, hún hefði aldrei daðrað við ákærða, aldrei sýnt honum brjóst sín og ekki „komið við varinnar“ á honum. Eiginkona ákærða bar fyrir dómi að brotaþoli hafi verið „eins og vitleysingur“ við ákærða og hefði verið „glyðrugangur“ í henni. Vitnið I sagði að brotaþoli hefði ekki verið öðruvísi við ákærða en aðra í fjölskyldunni, hún væri létt og opinská en ekki frekar við hann en aðra. Fyrir dómi var brotaþoli einnig spurð hvort hún hefði sýnt brjóst sín í svonefndu „gæsunarpartíi“ og neitaði hún því. Fyrir dómi sagði vitnið I að brotaþoli hefði sýnt brjóst sín þegar vinkonurnar hefðu gengið úr samkvæminu á bar og vitnið F sagði að brotaþoli hefði sýnt þau á barnum og sagðist vitnið hafa heyrt að hún ætti þetta til. Þótt af framburði síðastnefndra vitna verði ráðið að brotaþoli hafi að minnsta kosti í kjölfar umrædds samkvæmis, í einhverju samhengi sýnt vinkonum sínum brjóst sín, og þótt það, að brotaþoli hafi fyrir dómi svarað neitandi þegar hún hafi verið spurð hvort hún hafi gert svo í samkvæminu sé ekki sérstaklega til þess fallið að auka trúverðugleika hennar, þykir ekki hafa verið leitt í ljós í málinu að milli brotaþola og ákærða hafi verið eitthvert gagnkvæmt daður eða önnur blíðuhót fyrir umrædda nótt.

Ákærði og brotþoli segja bæði að þau hafi átt samskipti umrædda nótt, þótt lýsingar þeirra séu í mörgum grundvallaratriðum gerólíkar. Ákærði ber að milli þeirra hafi verið kossar og þreifingar með samþykki beggja, bæði í gestaherberginu og frammi, en samkvæmt framburði brotþola tók hún hvorki þátt í né samþykkti nokkur atlot heldur ber að ákærði hafi brotið gegn sér kynferðislega á ýmsan hátt. Þá kveðst brotþoli ekki hafa farið fram úr herberginu með ákærða.

Við mat á þessu skiptir framburður D miklu máli. Fyrir dómi lýsti vitnið því að það hefði heyrð hljóð, farið ofan af svefnloftinu og séð móður sína hágrátandi en jafnframt hefði verið eins og einhver hlýpi „frá þar sem hausinn hennar var og bak við hurð“. Er D hefði síðan litið bak við hurðina hefði hún séð ákærða þar. D var mjög trúverðug. Framburður hennar styður mun frekar frásögn brotþola en ákærða af atburðum næturinnar. D sagði fyrst frá því, sem hún kveðst hafa séð, tæpu ári eftir sumarbústaðarferðina. Faðir hennar lýsti fyrir dómi með trúverðugum hætti samtali þeirra feðgina. Hann kvaðst hafa í framhaldi af samtalinu haft samband við brotþola sem hefði brugðið að heyra að stúlkan hefði séð eitthvað. Þykir ekki ástæða til að draga framburð D í efa þótt hún hafi ekki sagt sögu sína fyrr en hún gerði. Verður að skoða lýsingar ákærða og brotþola á atburðum næturinnar í ljósi framburðar D.

Er ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 27. ágúst 2015 var hann spurður hvort einhver vitni hefðu orðið að atburðum og svaraði því til að það gæti ekki verið. Hann var spurður hvers vegna það gæti ekki verið og svaraði: „Af því við vorum bara þarna, konan mín inni í herbergi og börnin hennar inni og krakkarnir uppi á lofti“. Hann var þá spurður hvort allir hefðu verið sofnaðir og sagðist telja svo hafa verið. Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu að nýju 18. marz 2016 og segir í samantekt lögreglu um framburð hans að honum hafi verið tjáð að komið hafi fram við skýrslutöku að D telji sig hafa séð hann í svefnherbergi brotþola og að stúlkan telji ákærða hafa séð sig. Hafi brotþoli þá verið grátandi. Segir svo að ákærði segi að það sé „alveg rétt að [D] hafi komið þarna inn í herbergið en ekki væri rétt að [brotþoli] hafi verið grátandi. Hann muni ekki hvort [D] hafi sagt eitthvað þegar hún kom inn í herbergið.“ Í fyrri skýrslutökunni, 27. ágúst 2015, er ákærði ekki spurður beinlínis hvort D hafi séð eitthvað til þeirra um nóttina, en hann er spurður hvort einhver vitni hafi orðið að atburðum og neitar því og bætir við til skýringar að kona sín hafi verið inni í herbergi, stúlkurnar inni hjá brotþola og „krakkarnir uppi á lofti“. Fyrir dómi sagði ákærði að D hefði komið inn í herbergið og átt þar einhver samskipti við brotþola, beðið hana um eitthvað sem brotþoli hafi hafnað, en stúlkan „suðað“ eitthvað í móður sinni. Framburður ákærða um slík samskipti mæðgnanna á þessari stundu fær ekki stoð í framburði þeirra sjálfra og ekki í því sem ráðið verður af framburði M og B um það að í ljós hafi komið síðar að stúlkan hafi orðið vitni að einhverju um nóttina. Er ekki byggjandi á þessum framburði ákærða.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, á ákæruvaldinu en ekki honum. Er meginregla í sakamálaréttarfari að vafi skal skýrður hinum ákærða manni í hag.

Eins og fram hefur komið eru atriði í framburði ákærða sem ekki verða talin trúverðug. Framburður brotþola um ýmislegt hefur að sama skapi fengið stoð í framburði D. Af því leiðir hins vegar ekki að hafna beri öllu því sem ákærði ber í málinu eða að framburður brotþola nægi einn og sér, gegn neitun ákærða, til lögfullrar sönnunar um öll þau atriði sem ákærða eru í óhag. Meta verður hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar hugsanlega sekt ákærða.

Brotþoli bar fyrir dómi að hún hefði umrædda nótt ákveðið að bíða ekki eftir því að baðherbergið yrði laust heldur farið að sofa án þess að háttá sig, enda dauðþreytt og drukkin. Hún hafi svo vaknað við að ákærði væri að ljúka við að afklæða hana. D kveðst svo hafa séð hana nakta og grátandi. Lýsti D því að móðir hennar hefði verið með „maskara og hefur bara gleymt að taka það af, það var alveg svart hérna undir augunum [...] ég sá að hún var blaut undir augunum“. Þegar á allt framanritað er horft þykir framburður brotþola að ákærði hafi, svo sem lýst er í fyrsta ákærulið, klætt hana úr fötunum,



hafa fengið þá stoð að hann verði lagður til grundvallar. Um það atriði að ákærði hafi reynt að toga brotþola á fætur stendur orð á móti orði. Þykir ekki komin fram lögfull sönnun þessa. Með þeirri háttsemi sinni er hér hefur verið talin sönnuð hefur ákærði brotið gegn 199. gr. laga nr. 19/1940 eins og honum er gefið að sök í fyrsta ákærulið.

Í öðrum ákærulið er ákærða gefið að sök að hafa nauðgað brotþola með nánar greindri háttsemi. Um þetta nýtur ekki vitnisburðar annarra heldur standa hér orð brotþola gegn orðum ákærða. Þótt brotþoli hafi í áföngum sagt manni sínum og síðar öðrum frá þeim gjörðum sem hún segir ákærða hafa viðhaft, ræður það ekki úrslitum um sönnun sektar ákærða. D og E sögðust hafa heyrt hljóð upp á svefnloftið. Fyrir dómi kvaðst E fyrst ekki muna eftir að hafa heyrt hljóð um nóttina en kvað svo rifjast upp fyrir sér hljóð sem hann á þeim tíma hafi talið kynferðislegt, en tók fram að þetta gæti vel hafa verið rangt metið hjá sér og vitnið kvaðst ekki muna nógu vel eftir þessu til að geta verið alveg visst. Þetta er frekar því til stuðnings að kynferðisathafnir hafi verið viðhafðar en þykir ekki taka af tvímæli um það.

Þegar á allt framanritað er horft þykir ekki hafa verið alveg sannað, svo telja megi hafið yfir skynsamlegan vafa, gegn neitun ákærða, að hann hafi viðhaft þá háttsemi sem í öðrum ákærulið greinir og að hann hafi þannig sýnt í verki ásetning til að brjóta gegn þág. 1. eða 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Verður því að sýkna ákærða af þeirri háttsemi sem honum er gefin að sök í öðrum ákærulið.

Í þriðja ákærulið er ákærða gefin að sök tilraun til nauðgunar en til vara kynferðisleg áreitni með því að hafa farið inn í herbergi brotþola og reynt að hafa við hana samræði og önnur mök en hann hafi snert andlit hennar með getnaðarlími sínum, reynt að setja liminn upp í hana og síðan reynt að leggjast ofan á hana til þess að hafa við hana samræði eða önnur kynferðismök. Þessar tilraunir hans hafi farið út um þúfur vegna mótspyrnu brotþola og hafi hann loks yfirgefið herbergið. Fyrir dómi lýsti brotþoli þessu þannig að hún hefði fundið líkamshita alveg upp við sig, upp við aðra öxlina, og svo fundið að ákærði væri að pota höndum og kynfærum sínum í andlit hennar „eins og hann [væri] að reyna að koma typpinu á sér upp í [hana].“ Hún hefði náð „einhvern veginn að ýta honum svona niður“ og hefði líka reynt að „snúa upp á [sig] og sparka honum í áttina“ að dyrunum, því hann hafi verið „inn á milli að reyna að toga [brotþola] einhvern veginn á fætur“ og þegar það hafi ekki gengið hafi hann verið „alltaf hálfpartinn að reyna að leggjast þarna yfir“ brotþola. Svo hafi brotþoli gargað eitthvað og svo farið að „hágráta“. D lýsti því fyrir dómi að hún hefði heyrt hljóð, „eins og þínu átök“ og hefði verið „eitthvað óhugnanlegt við þetta hljóð“. Hún hefði farið niður, séð móður sína hágrátandi og „eins og einhver væri að hlaupa frá þar sem hausinn hennar var“, og hefði sá farið bak við hurð. Þegar á þetta er horft í samhengi þykir framburður D koma vel heim og saman við framburð brotþola. Lýsing brotþola verður skilin þannig að ákærði hafi verið með kynfæri sín upp við andlit hennar og „inn á milli“ reynt að toga hana á fætur eða reynt að leggjast yfir hana. Orðið hafi einhvers konar ryskingar og hann svo farið. Þykir með þeirri stoð sem framburður D veitir framburði brotþola sannað að ákærði hafi snert andlit brotþola með kynfærum sínum. Brotþoli lýsti fyrir dómi að ákærði hefði borið sig að „eins og hann væri að reyna að koma typpinu á sér upp í“ hana. Þykir ekki alveg hafið yfir skynsamlegan vafa að hann hafi beinlínis reynt það og verður hér miðað við að ákærði hafi snert andlit hennar með kynfærum sínum. Framburður D veitir öðrum atriðum ákæruliðarins hins vegar ekki stoð sem úrslitum gæti ráðið. Þykir engu verða slegið föstu um þau í sakamáli þessu og verður því í ljósi meginreglu sakamálaréttarfars að sýkna ákærða af þeim. Sú háttsemi ákærða sem sönnuð er verður heimfærð undir 199. gr. almennra hegningarlaga en ekki 194. sbr. 20. gr. laganna.

Mál þetta var kært til lögreglu sumarið 2015 en ákæra var gefin út haustið 2017. Brot ákærða beindist að konu í fjölskyldu hans og var framið í sumarbústað þar sem hún hafði gengið til hvílu ásamt ungum börnum sínum. Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði, sem er [...] að aldri, ekki sakaferil. Þegar á allt er horft verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í tólf mánuði en fullnustu tíu mánaða af henni

frestað og falli hún niður að liðnum þremur árum haldi ákærði almennt skilorð eins og í dómsorði greinir.

Ákærði hefur framið ólögmeta meingerð gegn brotaþola og ber ábyrgð á henni. Brotaþoli mun ekki hafa leitað sérfræðiaðstoðar vegna málsins og liggja ekki fyrir gögn um hugsanleg áhrif málsins. Hins vegar hefur verið miðað við í dómaframkvæmd að brot af þessu tagi séu til þess fallin að valda þólandanum miska sem bæta beri. Hefur ekkert komið fram sem sýnir fram á að hið gagnstæða eigi við hér. Verður ákærði dæmdur til að greiða brotaþola 600.000 krónur ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir, en bótakrafa mun hafa verið kynnt ákærða 18. marz 2016. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Indriða Þorkelssonar lögmanns, ákveðast 1.793.100 krónur með virðisaukaskatti, og þóknun réttargæzlumanns brotaþola, Jónínu Guðmundsdóttur lögmanns, ákveðast 806.000 krónur með virðisaukaskatti. Í ljósi málsúrslita verður ákveðið að ríkissjóður greiði hvort tveggja að hálfu á móti ákærða, en gögn málsins greina ekki frá öðrum sakarkostnaði. Gætt var 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008. Af hálfu ákæruvaldsins fór Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir saksóknari með málið. Þorsteinn Davíðsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

## D Ó M S O R Ð

Ákærði, X, sæti fangelsi í tólf mánuði. Fullnustu tíu mánaða af refsingunni skal frestað og niður skal hún falla að liðnum þremur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A 600.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 3. ágúst 2013 til 18. apríl 2016, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Indriða Þorkelssonar lögmanns, 1.793.100 krónur, og þóknun réttargæzlumanns brotaþola, Jónínu Guðmundsdóttur lögmanns, 806.000 krónur, greiði ákærði að hálfu og ríkissjóður að hálfu.